

# FRÉTTABLAÐIÐ

142. TÖLUBLAÐ 20. ÁRGANGUR

— MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\* —

FÖSTUDAGUR 26. JÚNÍ 2020

AUGLÝSING

## „Ég kem með Ferðagjöfina“



Ferðagjöfin er komin! Farðu á [ferdalag.is](https://ferdalag.is),  
sæktu Ferðagjöfina og komdu með í ævintýri  
um landið okkar í sumar.

ÍSLAND  
**KOMDU  
MEÐ**





# VIÐ ÆTLUM ÖLL AÐ FERÐAST INNAN- LANDS Í SUMAR

Ferðagjöfin er liður í að efla íslenska ferðaþjónustu í kjölfar kórónuveirufaraldurs og er ætlað að hvetja landsmenn til að ferðast innanlands.

Allir einstaklingar með lögheimili á Íslandi, fæddir árið 2002 eða fyrr, fá Ferðagjöf að andvirði 5.000 kr. Gildistími Ferðagjafarinnar er til og með 31. desember 2020.

Þú færð allar upplýsingar um Ferðagjöfina á [ferdalag.is](https://ferdalag.is).



## EINSTAKLINGAR

- 1 Farðu inn á [ferdalag.is](https://ferdalag.is) og smelltu á Ferðagjöfina.
- 2 Skráðu þig inn með rafrænum skilríkjum eða Íslykli.
- 3 Ferðagjöfin þín er tilbúin til notkunar. Við mælum með að sækja smáforrit Ferðagjafarinnar.
- 4 Kynntu þér hvar er hægt að nota Ferðagjöfina á [ferdalag.is](https://ferdalag.is).
- 5 Nýttu Ferðagjöfina þína á ferðalagi um Ísland eða gefðu öðrum gjöfina.

Hafðu samband á [island@island.is](mailto:island@island.is) ef þú lendir í vandræðum með að sækja Ferðagjöfina.





Hús á horni Bræðraborgarstígs og Vesturgötu í Vesturbænum í Reykjavík gjöreyðilagðist í eldsvoða í gær. Slökkvilið, lögregla og sjúkraflutningafólk var með mikinn viðbúnað á staðnum. Sex einstaklingar voru fluttir á sjúkrahús en ekki lágu fyrir upplýsingar um liðan þeirra þegar Fréttablaðið fór í prentun. Lögregla handtók þrjá á vettvangi en ekki liggur fyrir hversu margir voru í húsinu þegar eldurinn kom upp. Samkvæmt frásögnum sjónarvotta stukku einhverjir íbúar út um glugga. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

FRÉTTABLAÐIÐ

+PLÚS

# Þinglok stranda á fíkniefnastefnunni

Sendiherrafrumvarpi verður frestað til hausts og breytingar gerðar á samkeppnismáli til að liðka fyrir þinglokum. Koma á til móts við Miðflokkinn um Borgarlínunálið. Allt strandar á Pírötum sem vilja atkvæðagreiðslu um afnám refsinga fyrir vörslu fíkniefna.

**STJÓRNMÁL** Mjög hafði þokast í samningaviðræðum þingflokka um þinglok síðdegis í gær en þegar Fréttablaðið fór í prentun stóð afstaða til frumvarps Pírata um afnám refsinga fyrir vörslu neysluskammta fíkniefna enn í veginum.

Þingmenn Miðflokksins höfðu ekki fyrr lokið málþófi sínu en Píratar röðuðu sér á mælendaskrá á þingfundi síðdegis í gær og voru enn að ræða orkumál þegar Fréttablaðið fór í prentun. Píratar vilja fá mál sitt um afglæpavæðingu fíkniefnaneyslu til atkvæðagreiðslu á Alþingi en stjórnarmeirihlutinn hyggst

leggja fram tillögu um að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar til frekari meðferðar.

Frekara málþófi Miðflokksins var afstýrt með samkomulagi um að fjárlaganefnd afgreiði sérstakt framhaldsnefndarálit um frumvarp tengt Borgarlínu þar sem komið er til móts við sjónarmið Miðflokksins. Afgreiðslu frumvarps um skipun sendiherra, sem mætt hefur mikilli andstöðu bæði stjórnarandstöðu og umsagnaraðila, verður frestað fram á haust. Þá er unnið að nokkrum breytingum á umdeildu samkeppnislagafrumvarpi til að



**Við viljum bara að annaðhvort verði frumvarpið samþykkt og gert að lögum eða þingmenn hafni því í atkvæðagreiðslu.**

Halldóra Mogensen, formaður þingflokks Pírata

liðka fyrir samningum um þinglok.

Birgir Ármannsson, formaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins, segir þó enga samninga í höfn fyrr en allir eru um bord. „Fyrirstaðan núna er hjá Pírötum,“ segir Birgir. Pírötum standi til boða að fá mál sitt á dagskrá en þeir vilji líka ráða afgreiðslu þess og þar strandi á samningum sem annars hafi náðst að mestu leyti milli þingflokka.

Venju samkvæmt er stefnt að lokaafgreiðslu nokkurra þingmannamála við þinglok. Þar á meðal eru mál Viðreisnar um gjaldfrjálsa sálfræðipjónustu, mál Mið-

flokksins um gjaldfrjálsar krabba-meinsmeðferðir, tillaga um aðlögun innflytjenda að íslensku samfélagi sem Samfylkingin lagði fram og frumvarp Flokks fólksins um vísitölutengingu bóta almannatrygginga. Sem fyrr segir leggja Píratar áherslu á fyrrnefnt frumvarp um fíkniefni. Píratar sætta sig þó ekki við að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar. „Við viljum bara að annaðhvort verði frumvarpið samþykkt og gert að lögum eða þingmenn hafni því í atkvæðagreiðslu,“ segir Halldóra Mogensen, formaður þingflokks Pírata. – að




Einstaklega vel gerður fyrir einstakt fólk eins og þig

Tilboðsverð frá 3.190.000 kr.





## Veður



Austlæg eða breytileg átt í dag, við hæð og áfram skúrir í flestum landshlutum. Hiti 8 til 19 stig, hlýjast austanlands. **SJÁ SÍÐU 14**



Húsið við Bræðraborgarstig brann til kaldra kola. FRÉTTABLAÐID/VALLI

## Ástand hússins áhyggjuefni í töluverðan tíma

**ELDSVODI** Nokkrir skjólstæðingar stéttarfélagsins Eflingar voru í húsinu á Bræðraborgarstig sem brann í gær. Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar, segir félagið hafa haft raunverulegar áhyggjur af ástandi hússins í töluverðan tíma.

**Við höfum haft raunverulegar áhyggjur af þessu ástandi og þessu húsi.**

Sólveig Anna Jónsdóttir

Húsið við Bræðraborgarstig hefur verið í niðurniðslu lengi. Það er þó búið í því og eru flestir íbúar starfsmenn starfsmannaleigu.

Sólveig segir að einhverjir félagsmenn hennar hafi verið íbúar við heldur slæmar aðstæður. „Ég veit að það eru einhverjir félagsmenn okkar skráðir til heimilis þarna og við höfum haft raunverulegar áhyggjur af þessu ástandi og þessu húsi,“ segir hún.

Fyrir fimm árum fjallaði Stundin um húsið og sagði að allt væri morandi í myglusvepp og að byggingarfulltrúi borgarinnar ætlaði að skoða húsið nánar. Risastórt gat var þá á húsinu og seytladi vatn inn undir klæðningu og veggirnir gegnsósa.

„Í okkar huga er maður hreinlega ekki hissa á að svona gerist. Þetta er hrikalegt í einu orði og við erum í miklu uppnámi,“ segir Sólveig Anna. –bb

## Kafbátur bundinn við höfn



Kafbátaeftirlitsæfingin Dynamic Mongoose verður haldin hér á landi á vegum NATO og taka fimm kafbátar, fimm herskip og fimm kafbátaleitarflugvélar þátt í æfingunni. Íslendingar leggja til aðstöðu á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli og Landhelgisgæsla Íslands tekur þátt í æfingunni. Fyrstu skipin sem taka þátt í æfingunni komu til hafnar í gær og önnur leggjast að bryggju í dag vegna undirbúnings. FRÉTTABLAÐID/VALLI

## Margir leikmenn á leið í sóttkví

**COVID-19** Almennavarnadeild ríkislögreglustjóra sendi frá sér tilkynningu í gær um að íslensk knattspyrnukona í efstu deild hefði greinst með jákvætt COVID-19 sýni. Fótbolti.net segir að það sé leikmaður Breiðabliks og því þurfi Blikakonur og KR-ingar að fara í sóttkví. Blikar spiluðu við KR á þriðjudag. Smitrakning er í gangi en ljóst er að margir þurfa að fara í sóttkví, segir í tilkynningu almennavarna.

Knattspyrnukonan kom til landsins 17. júní frá Bandaríkjunum og reyndist sýnataka á landamærum neikvæð. Síðar kom í ljós að hún hafði verið í nánd við smitaðan einstakling erlendis og fór því aftur í sýnatöku sem þá var jákvæð. Hún er einkennalaus. Á heimasíðu KSÍ segir að greinist leikmaður með COVID-19 þurfi þeir sem hafa verið í nánd við þann veika frá því tveimur dögum áður en einkenni komu upp að fara í sóttkví. Frekari upplýsinga er að vænta í dag. –bb

# Tjarnarbió lifnar við á ný eftir fórnir í vor

Tjarnarbió iðar af lífi þessa dagana. Leikhúsið opnar dyrnar með grínsumari og þéttasta leikárinu hingað til eftir krefjandi vor. Talsmenn leikhússins segja undanfarna mánuði hafa verið erfiða en að nú þyrsti landann í skemmtun.

**MENNING** „Hlátur lengir lífið. Við erum raunverulega að efla lýðheilsu og teljum okkur vera að styrkja ónæmiskerfi fólks og almenna velliðan í landinu,“ segir Sindri Sigríðarson, markaðsstjóri Tjarnarbiós.

Leikhúsið opnar dyrnar á ný eftir margra vikna lokun vegna COVID-19 og sviðslistafólk fær loksins að prófa nýtt efni fyrir íslensku þjóðina. Sindri segir bjarta daga fram undan í leikhúsinu enda sé nóg í boði; dans, barnaleikhús, nýjar óperur, óhefðbundin sviðsverk, jólasýningar, tónleikar og uppistand inn á milli.

Eftir að slakað var á fjöldatak-mörkunum og samskiptafjarlægð var hægt að opna leikhúsið að fullu. Grínistinn Ari Eldjárn reið á vaðið strax um miðjan júní með tilraunauppistand sitt, Ari Eldjárn prófar nýtt grín. Í sumar má finna úrval uppistands- og gamansýninga í leikhúsinu með VHS-flokknum, Jono Duffy og Fyndnustu mínar.

„Ef fer sem horfir og ekkert bakslag kemur þá er bjartsýni fram undan. Nú tekur við eitt þéttasta leikár sem við höfum haft hér í húsinu,“ segir Sindri.

Lokunin var gríðarlega erfið að sögn Sindra en nú hungnar leikhúsunnendur, sem og listafólk, í lifandi skemmtun. „Það verður ákveðið basl að ná þessu almennilega til baka en við finnum fyrir því að nú vill fólk koma í leikhús. Það vill upplifa skemmtun og lifandi flutning sem hefur vantað síðastliðna mánuði.“

Tjarnarbió iðar af lífi þessa dagana. Þegar blaðamaður Fréttablaðsins leit við var aragrúi grunn-skólabarna að klára leiklistartíma hjá sumarnámskeiði Leynileikhúss-



Sindri Sigríðarson og Friðrik Friðriksson í Tjarnarbiói. Leikhúsið iðar nú af lífi og þétt leikár er fram undan eftir krefjandi vor. FRÉTTABLAÐID/SIGTRYGGUR

**Við erum raunverulega að efla lýðheilsu og teljum okkur vera að styrkja ónæmiskerfi fólks og almenna velliðan í landinu.**

Sindri Sigríðarson, markaðsstjóri Tjarnarbiós

hafa verið áhyggjufullur í byrjun faraldursins og að skrítið hafi verið að sjá leikhúsið svona tóm. Leikhúsunum var fórnað fyrir almanna-hagsmunum, eins og Friðrik orðar það, og var áfallið gríðarlegt, sérstaklega fyrir Tjarnarbió. Friðrik segir það eðlilegt í ljósi stöðunnar en nú sé hreint magnað að fá að skemmta landanum á ný.

„Þetta var eins og í kúreka-myndunum og lá við að maður sæi „tumbleweed“ fjúka um gangana. Við vorum öll í hlutabótaleiðinni en erum nú komin úr því ástandi. Nú er allt farið í gang og húsið í stöðugri notkun,“ segir hann og bætir við: „Fólk sækir enn í galdur leikhússins. Útsendingar og streymi koma aldræi í staðinn fyrir lifandi upplifun. Leikhúsið lifir alltaf áfram.“  
ingunnlara@frettabladid.is

# VELDU GÆÐI!

## 3 TEGUNDIR AF SÚRDEIGSBRAUÐUM



www.bjornsbakari.is

mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30  
laugardaga 8.00 - 16.00  
sunnudaga 9.00 - 16.00

Austurströnd 14 • Hringbraut 35





**TOYOTA**

ALWAYS A  
**BETTER WAY**

# SUMARSÝNING TOYOTA KAAPTÚNI

á morgun, laugardaginn 27. júní frá 12 – 16



Dráttarbeisli fyrir ævintýri sumarsins  
fylgir með nýjum RAV4

Land Cruiser



AYGO

Yaris

Corolla

Toyota C-HR

Camry Hybrid

**Söluráðgjafar okkar verða í sannkölluðum sumargír og taka vel á móti þér með einstökum tilboðum á sérvöldum bílum.**

Nú er rétti tíminn til að undirbúa ferðasumarið mikla.  
Komdu í Kaaptúnið og leggðu drög að ævintýrlegu sumri.

GLÆSILEGT  
**GJAFABRÉF**

að andvirði

**100.000 - 400.000 kr.**

hjá einni af eftirtöldum verslunum fylgir nýjum  
AYGO, Yaris, Corolla, Toyota C-HR, Camry Hybrid,  
RAV4 og Land Cruiser



**Toyota Kaaptúni**  
Kaaptúni 6  
570 5070

Gjafabréfið fylgir ekki með öðrum tilboðum. Bílarnir í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

ELLINGSEN

LÍFLAND

VEIÐIHORNIÐ



# Hugurinn hjá starfsfólki PCC á Bakka og fjölskyldum þeirra

**NORDURLAND** Stjórn kísilvers PCC á Bakka við Húsavík tilkynnti eftir fund í gær að slökkt yrði á báðum ofnum verksmiðjunnar og stórum hluta starfsfólksins yrði sagt upp.

Í yfirlýsingu Rúnars Sigurpálssonar, forstjóra, segir að um tímabundna stöðvun sé að ræða og gert sé ráð fyrir að starfsfólk verði ráðið aftur þegar framleiðslan fari af stað á nýjan leik.

Ástæðan fyrir framleiðslu-

stöðvuninni er sögð vera COVID-19 faraldurinn, sem hafi raskað heimsmarkaðsverði á kísilmálm. Hafi stjórnin leitað allra leiða til þess að halda framleiðslunni gangandi en orðið að grípa til þessara ráðstafana nú.

Kristján Þór Magnússon, bæjarstjóri Norðurþings, segir stöðvunina þungt högg, bæði fyrir samfélagið og bæjarsjóð. Ekki sé þó búið að fjárhagsleg áhrif á þessari stundu.

**Þetta er auðvitað alvarleg birtingarmynd COVID-19 faraldursins sem við verðum harkalega fyrir barðinu á.**

Kristján Þór Magnússon, sveitarstjóri Norðurþings



„Hugur okkar er fyrst og fremst hjá starfsmönnum og fjölskyldum þeirra sem hefur verið sagt upp störfum,“ segir Kristján.

Reiknar hann með að þetta séu á bilinu 80 til 90 starfsmenn. „En við litum á þetta sem tímabundna stöðu. Þetta er auðvitað alvarleg birtingarmynd COVID-19 faraldursins sem við verðum harkalega fyrir barðinu á.“


Kristján segir engan bilbug á

stjórn og eigendum félagsins að finna.

„Það var fyrirhugað að fara í viðhaldsstopp í vor, en varð ekki af vegna faraldursins. Þá hefur verið fjárfest í að laga reykraðstivirkni í þessu hiði sem verksmiðjan leggst núna í.“

Segist hann gera ráð fyrir að stöðvunin muni að minnsta kosti standa yfir í einhverja mánuði.

– klg



Frá undirritun kjarasamningsins.

## Icelandair og FFÍ sömdu

**KJARAMÁL** Samninganefndir Flugfreyjufélags Íslands (FFÍ) og Samtaka atvinnulífsins vegna Icelandair skrifuðu undir kjarasamning klukkan fjögur aðfaranótt fimmtudags.

» Samningurinn gildir til 30. september 2025.

Var þetta 49. fundur aðila hjá ríkissáttasemjara en deilunni var vísað þangað í apríl í fyrra. Stóð síðasti fundurinn í 32 klukkustundir að meðtöldu stuttu fundarhléi. Samningurinn gildir til loka september 2025 en hann verður kynntur félagsmönnum FFÍ í dag.

„Starfsöryggi félagsmanna FFÍ var eitt af aðaláhersluatriðum samninganefndar í viðræðunum. Með nýjum samningi kom FFÍ til móts við Icelandair í því gjörbreytta landslagi sem blasir við fyrirtækinu og gerir því kleift að auka samkeppnishæfni og sveigjanleika félagsins,“ segir Guðlaug Líný Jóhannsdóttir, formaður FFÍ.

Bogi Nils Bogason, forstjóri Icelandair, segir töluverðar breytingar hafi verið gerðar frá fyrri samningi til einföldunar.

„Það er virkilega ánægjulegt að hafa gengið frá langtímasamningi við flugfreyjur og flugþjóna en það er mikilvægur þáttur í fjárhagslegri endurskipulagningu félagsins og liður í að auka samkeppnishæfni þess til lengri tíma,“ segir Bogi. – sar

# Gætu átt inni háar fjárhæðir

Samtök iðnaðarins telja að íslenskur kvikmyndaíðnaður gæti átt inni háar fjárhæðir hjá RÚV vegna skilgreiningar á sjálfstæðum framleiðendum. Sviðsstjóri segir engan vafa um tilgang þjónustusamningsins.

**STJÓRNSÝSLA** „Það var skýrt þegar þjónustusamningurinn var gerður árið 2016 að eitt af meginmarkmiðum hans var að efla sjálfstæða þátta- og kvikmyndagerð og RÚV þannig gert að taka að sér aukið hlutverk í að efla kvikmyndaíðnaðinn. Það eru því vonbrigði að sjá að ekki hafi verið staðið við þetta að fullu,“ segir Sigríður Mogensen, sviðsstjóri hugverkasviðs Samtaka iðnaðarins.

Líkt og Fréttablaðið greindi frá á miðvikudaginn vantar rúmlega 195 milljónir króna upp á að Ríkisútvarpið ohf. uppfylli kröfur þjónustusamnings við ráðuneytið um kaup á efni frá sjálfstæðum framleiðendum þegar miðað er við skilgreiningu fjölmiðlalaga. Notast RÚV við aðra skilgreiningu á hugtakinu og telur verktakagreiðslur til einstaklinga með sem kaup af sjálfstæðum framleiðendum. Engin svör hafa borist frá RÚV um skilgreininguna.

Kristinn Þórðarson, formaður Sambands íslenskra kvikmyndaframleiðenda, sagði við blaðið í gær að hann teldi eðlilegt að rannsókn færi fram á greiðslunum.

Sigríður segir engan vafa á því að ákvæðið í þjónustusamningnum hafi verið ætlað íslenskum kvikmyndaíðnaði og gæti iðngreinin átt inni háar fjárhæðir hjá RÚV. „Hafa ber í huga að þarna er aðeins um að ræða eitt ár af fjögurra ára þjónustusamningi. Ef sambærilegir viðskiptahættir voru viðhafðir öll árin þá getur verið að kvikmyndagreinin eigi inni miklar fjárhæðir, hundruð milljóna króna.“

Fréttablaðið birti lista yfir greiðslur RÚV til sjálfstæðra framleiðenda fyrir nokkrum vikum. „Það er áhugavert að sjá hversu margir eru titlaðir sjálfstæðir framleiðendur þegar þeir eru í raun og veru dagskrárgerðarfolk sem er ekki



Fjöl margar þáttaraðir eru framleiddar af sjálfstæðum kvikmyndaframleiðendum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**Ef sambærilegir viðskiptahættir voru viðhafðir öll árin þá getur verið að kvikmyndagreinin eigi inni miklar fjárhæðir, hundruð milljóna króna.**

Sigríður Mogensen, sviðsstjóri hjá SI



óháð RÚV. Þetta er mikið til starfsfólk í reglulegum dagskrárliðum. Það er nauðsynlegt að skoða hvers vegna skilgreining RÚV er svona á skjön við skilgreiningu fjölmiðlalaga og ráðuneytisins,“ segir Sigríður. „Kvikmyndaframleiðsla er iðnaður sem skapar störf og verðmæti. Það er sláandi að sjá þetta misræmi svona svart á hvítu, en þetta kemur okkur ekki á óvart. Við höfum séð vísbendingar í talsvert langan tíma um að þetta sé staðan.“

Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, lagði fram drög að þjónustusamningnum fyrir ríkisstjórn í desember en hann hefur ekki enn litið dagsins ljós. Ráðuneytið hefur ekki svarað ítrek-

uðum fyrirspurnum Fréttablaðsins um stöðu samningsins.

„Við teljum mikilvægt að nýr þjónustusamningur kveði skýrt á um hvað fellur undir sjálfstæða kvikmyndaframleiðslu og RÚV bæti upp það sem greinin á inni,“ segir Sigríður.

Hún segir sjálfstæða framleiðendur standa þétt saman. „Við höfum fengið ótalmörg skilaboð frá kvikmyndaframleiðendum um framgöngu Ríkisútvarpsins á markaði. Bæði hvað meðframleiðsluhlutverk og kaup á efni varðar. Hins vegar höfum við hingað til ekki fengið ásætlanleg svör við fyrirspurnum okkar um þessi mál.“

arib@frettabladid.is

# Áhersla á að ferðagjöfin sé milliliðalaus

**FERÐAÞJÓNUSTA** „Við leggjum áherslu á það að fólk eigi milliliðalaus viðskipti við fyrirtækin sjálf, bóki á þeirra síðum frekar en að bóka á erlendum endursölusíðum þannig að það skili sér allt til ferðaþjónustunnar og þetta er liður í því,“ segir Skarphéðinn Berg Steinarrson ferðamálastjóri um nýjan vef Ferðamálastofu, ferdalag.is.

„Svo þurfum við að hafa einhverja framhlið á þessu með ferðagjöfin, reyna að miðla því hverjir eru þátttakendur í þessu og hvert menn geta leitað og fengið nánari upplýsingar,“ segir Skarphéðinn. Á vefnum má finna ferðaþjónustufyrirtæki sem skráð eru í gagnagrunn Ferðamálastofu og upplýsingar um það hvar hægt er að nota ferðagjöf stjórnvalda, en gjöfin er liður í að efla íslenska ferðaþjónustu í kjölfar kórónaveirufaraldurs og er ætlað að hvetja landsmenn til að ferðast innanlands. Allir einstaklingar með lögheimili á Íslandi, fæddir árið



Skarphéðinn segir öll fyrirtækin hafa leyfi til að sinna ferðaþjónustu.

» Æ fleiri fyrirtæki eru að skrá sig til þátttöku og fleiri og fleiri að sækja ferðagjöfina.

Skarphéðinn Berg Steinarrson, ferðamálastjóri

2002 eða fyrr, fá ferðaávisun að andvirði fimm þúsund krónur. Gjöfina má nálgast á island.is.

„Öll fyrirtækin sem skráð eru á vefnum hafa tilskilin leyfi, öll þau leyfi sem þarf til að sinna ferðaþjónustu og þannig eiga neytendur að geta gengið að því visu að þessi fyrirtæki séu með allt sitt á þurru,“ segir Skarphéðinn.

Þá segir hann verkefnið hafa farið vel af stað og að áhuginn sé mikill. „Þetta er allt í samræmi við væntingar, æ fleiri fyrirtæki eru að skrá sig til þátttöku og fleiri og fleiri að sækja ferðagjöfina svo þetta er allt saman að komast í gang.“ – bdj

**Fáðu lyfin send frítt heim**

Þú hringir í síma 517 5500 eða sendir póst á [lyfsalinn@lyfsalinn.is](mailto:lyfsalinn@lyfsalinn.is)

**LYFSALINN**  
GLÆSIBÆ

**OPNUNARTÍMI**  
Mán.- fös. kl. 08:30-18:00  
Laugardaga: Lokað

**LYFSALINN GLÆSIBÆ**  
Álfheimur 74 104 Reykjavík  
Sími 517 5500  
[www.lyfsalinn.is](http://www.lyfsalinn.is)  
[lyfsalinn@lyfsalinn.is](mailto:lyfsalinn@lyfsalinn.is)



# VIÐ ELSKUM AÐ GRILLA

Lambakótilettur með  
pipar- trufflumarineringu

Lambafille  
með rósmarin og timjan

Lambalærissneiðar  
með salvíu, oregano og chili



Tilboð gilda út 28. júní



Spennandi steikarsósar sem  
þú verður að prófa

Verð frá **499** kr/stk

## NÝ OG SPENNANDI VÖRULÍNA

Sérvalið íslenskt lambakjöt úr Skagafirði.  
Kryddað með eðalblöndum matgæðinga Hagkaups



**15%**  
afsláttur

Ekta ribeye borgarar  
2x120 g

**1.104** kr/pk

Verð áður 1.299 kr/pk



**20%**  
afsláttur

Úrbeinuð kjúklingalæri

**2.079** kr/kg

Verð áður 2.599 kr/kg



**20%**  
afsláttur

Kjúklingalæri með legg

**879** kr/kg

Verð áður 1.099 kr/kg



Vinsæla snakkið frá USA er komið í  
verslanir, fjölmargar bragðtegundir



Opið allan sólarhringinn  
Gardabæ og Skeifunni

# HAGKAUP



# Nærri helmingur íbúa Ischgl með mótefni gegn COVID-19 í blóði

**AUSTURRIKI** Ný mæling leiðir í ljós að 42 prósent íbúa skíðabæjarins Ischgl í Austurríki eru með mótefni í blóði gegn COVID-19. En staðurinn er talinn vera ein helsta uppspretta faraldursins í Evrópu.

„Í Ischgl sjáum við hæstu mælingar á mótefnum í blóði sem til eru. Jafnvel þótt hlutfallið sé svo hátt er ekki hægt að sanna að hjarðónæmi hafi verið náð en íbúar bæjarins

ættu að vera nokkuð vel varðir gegn sjúkdómnum,“ segir Dorothee von Laer hjá Veirufræðistofnun Innsbruck-háskóla sem leiddi rannsóknina.

Fyrsta tilfelli bæjarins greindist þann 7. mars eftir að íslensk sóttvarnaryfirvöld greindu Austur-rikismönnum frá því að fjölmargir Íslendingar hefðu komið sýktir frá bænum.



Krárnar í Ischgl eru taldar ein helsta uppspretta COVID-19 í Evrópu.

Síðan þá hafa Ischgl og nágrannabæir verið í deiglunni og ótal tilfelli verið rakin þaðan.

Nú stendur yfir hópmálsókn austurrísku neytendasamtakanna gegn bærarstjóra Ischgl, ríkisstjóra Týról, skíðalyftufyrirtækjum og fleirum fyrir að hafa hylmt yfir smit og brugðist seint við. Hafa nokkrir Íslendingar sem smituðust ákveðið að taka þátt í þeirri málsókn.

Mótefnamælingarnar voru gerðar milli 21. og 27. apríl og alls voru um 80 prósent íbúanna prófuð. Ischgl er lítil bær með aðeins um 1.600 íbúa.

Mælingin er umtalsvert hærri en annars staðar þar sem faraldurinn hefur verið skæður. Í Val Gardena-dalnum á norðurhluta Ítalíu mældust 27 prósent ónæm og í Genf 10 prósent. – khg



Nafn forsetans var skrifað á ávísanirnar. MYND/GETTY

## Látnir fengu ávísanir frá Donald Trump

**BANDARÍKIN** Tæplega 1,4 milljarðar Bandaríkjadala voru sendir látnum einstaklingum sem hluti af efnahagsaðgerðum ríkisstjórnar Donalds Trump vegna COVID-19.

Fjárhæðin sem jafngildir rúmlega 90 milljörðum íslenskra króna var send í formi ávísana til fleiri en milljón einstaklinga sem eru látnir.

1,1

milljón ávísana var send til einstaklinga sem eru látnir.

Breski miðilinn The Guardian greinir frá þessu og vísar í skýrslu óháðrar stofnunar sem hefur eftirlit með framkvæmdavaldinu. Alls fengu tugir milljóna Bandaríkjamanna senda ávísun frá skattinum upp á 1.200 dollara.

Ástæða þessara mistaka er sú að kerfið sem var notað byggði á grunni kerfis sem var notað í efnahagskrisunni 2008. Skatturinn og fjármálaráðuneytið samstilltu ekki gögn sín. Skatturinn hefur aðgang að skráum um andlát einstaklinga en ráðuneytið og skrifstofan sem sá um greiðslurnar hafa það ekki.

Í skýrslunni er mælt með því að þingið tryggi fjármálaráðuneytinu fullan aðgang að skráum yfir andlát og notast verði við þau gögn til að koma í veg fyrir að svona gerist aftur.

Atvinnuástand í Bandaríkjunum er enn slæmt og í síðustu viku sótti tæp ein og hálf milljón um atvinnuleysisbætur. Heildarfjöldinn er kominn upp í um 47 milljónir frá því að faraldurinn hófst.

Alls hafa tæplega 2,3 milljónir tilfella komið upp í landinu og eru dauðsföll orðin tæplega 122 þúsund. – sar

**SAMGÖNGUR** Rósa Guðbjartsdóttir, bærarstjóri Hafnarfjarðar, segir að lokun Garðabæjar á Garðahraunsvegi, eða gamla Álfanesveginum, hafi komið henni og bærarstjórn í opna skjöldu. Hafi Hafnfirðingum verið lofað því að veginum yrði ekki lokað fyrr en nýr vegur yrði lagður norðan við hið nýja Þryðahverfi.

„Þetta hefur gríðarleg áhrif á allt umferðarflæði um Norðurbæinn hjá okkur og líka á þjónustuna á dvalarheimilinu Hrafnistu,“ segir Rósa. En til stendur að stækka og byggja við Hrafnistu á komandi árum.

Breytingin var kynnt árið 2016 og mótmælt mjög harðlega, bæði af íbúum og bærarstjórn Hafnarfjarðar. „Mótmælunum var komið mjög örugglega til skila til Garðabæinga. Af samtölum var það skilningur okkar að veginum yrði ekki lokað fyrr en nýr vegur kæmi norðan við byggðina,“ segir Rósa. „Það hefur ekki enn verið gert og því kemur þetta okkur mjög á óvart.“

Íbúar á svæðinu, úr báðum sveitarfélögum, hafa lýst yfir óánægju með lokunina en með henni er Garðahraunsvegur orðinn botnlangi og ekki hægt að beygja af Herjólfsbraut í Norðurbæ Hafnarfjarðar inn á hann. Þurfa íbúar nú að fara mun lengri leið og umferð hefur aukist í íbúðahverfinu í Vöngunum.

Þá hefur bílaumferðin á veginum sjálfum ekki gengið snurðulaust fyrir sig. Samkvæmt lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu gengur öku- mönnum misvel að virða það að ekki megi lengur keyra af Herjólfsbraut yfir á Garðahraunsveg, þó að merkingar séu komnar upp. Leyfilegur hámarks hraði er nú 30 kílómetrar á klukkustund en öku- menn hafa keyrt mun hraðar. Fjórir öku- menn eiga nú von á ökuleyfis- sviptingu og nokkrir til viðbótar eiga von á sektum.

Rósa segir að málið verði tekið upp í skipulags- og byggingarráði á þriðjudag og óskað eftir tillögum til að bregðast við þeirri stöðu sem komin er upp. „Við erum að undir- búa viðbrögð okkar og ég á von á því



Bærarstjóri Hafnarfjarðar segir að veglokun Garðahraunsvegar hafi komið í opna skjöldu. FRÉTTABLAÐID/DANIEL

### Mörk Hafnarfjarðar og Garðabæjar



að það verði gert með mjög ákveðnum hætti,“ segir hún.

Vegna orlofa var ekki hægt að ná tali af Gunnari Einarssyni, bærarstjóra Garðabæjar. En Guðjón Erling Friðriksson bærarritari segist ekki

kannast við að formlegt loforð hafi verið gefið um að halda veginum opnum þar til nýr vegur hafi verið lagður. „Það hefur sjálfsagt verið rétt að það kæmi ný tenging en ekki að það væri forsenda fyrir því

að loka ekki veginum,“ segir hann. Nýr vegur sé á aðalskipulagi en sé ótímasettur að svo stöddu.

Viðurkennir Guðjón hins vegar að samskiptin hefðu mátt vera betri. „Við hefðum mátt standa betur að því og láta þá vita. Það var reyndar búið að tilkynna þetta en fyrir svolítið löngu síðan. Við hefðum mátt itreka það,“ segir hann.

Spurður hvort til standi að bakka með lokunina í ljósi óánægju íbúa beggja sveitarfélaga, bærarstjórnar Hafnarfjarðar og vandræða lögreglunnar segir Guðjón að skoða megi ýmsa möguleika. „Við getum kannski gert þetta á einhvern hátt betur en við erum skuldbundin gagnvart íbúum á skipulagssvæði Garðahrauns. Að þarna eigi ekki að vera gegnumakstur,“ segir hann. „Þeir íbúar Garðabæjar í Bóðahleini og Garðprýði sem lenda í því að komast ekki sína leið munu fá betri tengingu innan ekki svo langs tíma. Þarna er verið að horfa til meiri hagsmuna fyrir minni.“

kristinnhaukur@frettabladid.is

# Segja áætlun Ísraelstjórnar bakslag í möguleika á friðarviðræðum

**UTANRÍKISMÁL** Fjórir þingmenn í utanríkismálanefnd lýsa yfir áhyggjum af áætlun nýrrar ríkisstjórnar Ísraels um innlimun á svæðum Palestínumannanna. Þetta kemur fram í yfirlýsingu sem þeir sendu fjölmiðlum í gær.

Í yfirlýsinguinni kemur fram að áætlunin brjóti alþjóðalög og gangi gegn alþjóðlegum samþykktum og ályktunum Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna um málefni Palestínu og Ísraels.

„Hún gengur þvert á markmið um réttláta tveggja ríkja lausn, sem samið var um í Osló og Evrópa hefur beitt sér fyrir í áratugi, og setur fullkomnið bakslag í alla möguleika á friðarviðræðum,“ segir í yfirlýsingu- nni.

Undir yfirlýsinguina skrifa Rósa Björk Brynjólfssdóttir, Logi Einarsson, Silja Dögg Gunnarsdóttir og Smári McCarthy.

Þingmennirnir hvetja utanríkisráðherra og ríkisstjórn Íslands til að

Ísland hefur alltaf stutt tveggja ríkja lausnina og ber ávallt að tala fyrir því að alþjóðalög séu virt og að diplómátskum og friðsamlegum leiðum sé beitt í deilum Ísraela og Palestínumannanna.

Úr yfirlýsingu þingmannanna

beita sér með ákveðnum og skýrum hætti fyrir friðsamlegri lausn á deilu Ísraela og Palestínumannanna og að koma því skýrt á framfæri við ísraelsk stjórnvöld að áform þeirra gagnvart Palestínu séu óviðunandi.

„Samkomulag ríkisstjórnar Ísraelsríkis kveður á um að byggingar nýrra landnemabyggða geti hafist strax á næstu dögum og vikum. Yfir- gnæfandi líkur eru á að það muni endanlega gera út um horfur um frið milli Ísraela og Palestínumannanna með

ófyrirsjáanlegum afleiðingum.“

Þá minna þau á að með samþykkt á Alþingi árið 2011 hafi Ísland orðið fyrsta vestræna ríkið til að viður- kenna sjálfstæði og fullveldi Pal- estínu.

„Ísland hefur alltaf stutt tveggja ríkja lausnina og ber ávallt að tala fyrir því að alþjóðalög séu virt og að diplómátskum og friðsamlegum leiðum sé beitt í deilum Ísraela og Palestínumannanna. Það er söguleg nauðsyn nú sem aldrei fyrr.“ – uó



+PLÚS



# Eldsvoði í Vesturbænum

Ljósmyndarar Fréttablaðsins, þeir Anton Brink, Sigtryggur Ari Jóhannsson og Valgarður Gíslason, voru á vettvangi eldsvoðans á horni Bræðraborgarstígs og Vesturgötu í gær og tóku þessar myndir.







# Pylsupartí í Kvikk!

Pylsur og gos á  
einstöku tilboðsverði



**Pylsa + gos**  
649 kr.



**Tvær pylsur + gos**  
799 kr.



**Kvikk**  
ON THE GO

**ORKAN**



## SKOÐUN

## Kreppuvetur



Hörður  
Ágísson  
hordur@frettabladid.is

Er kreppan komin og farin? Svo mætti halda. Einkaneysla Íslendinga var fljót að taka við sér þegar slakað var á samkomuhömlum innanlands og verkalyðshreyfingunni þykir á ný viðeigandi að fara fram með hótanir í garð stjórnvalda og atvinnurekenda – rétt eins og þar sé eitt-hvað sækja. Víst er að fyrirtæki, sem áttu erfitt með að standa undir Lífskjarasamningnum fyrir efnahagsáfallið, munu ólíklega harma ef það yrði að frumkvæði launþega-hreyfingarinnar að skjóta sig í fótinn með því að segja upp samningnum í haust. Þúsundir manna bætast við á atvinnuleysisskrá í hverjum mánuði og fyrirtæki horfa mörg upp á tugprósenta tekjusamdrátt á sama tíma og laun fara hækkandi. Þetta er jafna sem gengur ekki upp.

Ríkisstjórnin og Seðlabankinn hafa heilt yfir brugðist vel við með aðgerðum sem hafa lágmarkað höggið á fólk og fyrirtæki. Þrátt fyrir efnahagshamfarir hafa ráðstöf-unartekjur fólks ekki enn dregist saman en það mun breytast í haust, þegar uppsagnarfresti og hlutabótaleið stjórnvalda linnir, og höggið mun þá kom fram af miklum þunga fyrir þann stóra hóp sem misst hefur vinnuna. Útlit er fyrir að atvinnuleysi verði í hæstu hæðum, hagkerfið skreppi saman um tíu prósent og að fjárlagahalli næstu tveggja ára verði um 500 milljarðar. Nauðsynlegt verður að hagræða í ríkisrekstrinum – niðurskurður þýðir ekki sjálfkrafa minni og lakari þjónusta – enda höfum við ekki efni á því, eins og Þórdís Kolbrún Gylfa-dóttir atvinnuvegaráðherra nefndi í vikunni, að „reka stóru kerfin okkar með óbreyttum hætti“. Það var ljóst fyrir faraldurinn, en núna höfum við ekki val um annað.

Ekki er að vænta þess að samstaða muni nást um þau erfiðu verkefni sem bíða. Verkalyðshreyfingin hefur gefið tóninn og sagt ríkisstjórninni að „búa sig undir harðan verkalyðsvetur“. Forsendur Lífskjarasamningsins eru sagðar brostnar vegna þess að stjórnvöld hafi ekki enn lagt bann á 40 ára verðtryggð húsnæðislán sem heimilín eru sjálf á góðri leið með að leggja niður. Þetta er því undarlegur málflutningur og endurspeglar forgangs-röðun þeirra sem illu heilli ráða för í þessum samtökum, sem er orðið þekkt en leiðigjarnt stef, að efna til átaka hvenær sem færi gefst á. Stóra atriðið er að meginforsend-ur Lífskjarasamningsins, um hóflegar launahækkanir og lækkun vaxta, hafa gengið eftir – en vandinn er að meiri hækkun launa í mestu alheimskreppu síðustu hundrað ára veldur því að atvinnuleysi hefur stórauðist.



Sú hætta er raunveruleg að lang-tímaat-vinnuleysi, mun meira en við höfum áður þekkt, festist hér í sessi.

Sú hætta er raunveruleg að langtímaatvinnuleysi, mun meira en við höfum áður þekkt, festist hér í sessi. Leiðin til að takast á við það er ekki, eins og ASÍ hefur lagt til, að gera fólk að botaþegum þannig að Íslendingar greiði hæstu atvinnuleysisbætur í heiminum, heldur að skapa hér aðstæður – meðal annars með aðgerðum stjórnvalda – fyrir viðspyrnu atvinnulífsins og þá um leið aukinni tekjuöflun hagkerfisins. Sögulega séð hefur verkalyðs-hreyfingin nánast aldrei farið fram á launahækkanir í niðursveiflum. „Það var grundvöllur gengisfellinga á sínum tíma,“ útskýrði seðlabankastjóri í viðtali við Markaðinn í síðustu viku, „að verkalyðsfélögin kröfðust ekki launahækkana strax í kjölfarið. Það sama var uppi á teningnum eftir fjármálahrunið 2008, en þá var fremur horft til þess að reyna að skapa atvinnu.“ Við ættum að hafa sömu sjónarmið að leiðarljósi á komandi kreppuvetri.

**GÓÐA FERÐ INNANLANDS**

**TAX FREE\***

**af förðunarvörum, ilmvötum og völdum húðvörum**

**\*19,35% verðlækkun**

Gildir 15. júní - 27. júlí 2020  
í verslunum og í netverslun Lyfju

**LYFJA**

## Halldór



## Frá degi til dags

## Hegningarhúsið

Loksins á að gera upp gamla Hegningarhúsið við Skóla-vörðustig. Húsið minnir mjög á Alþingishúsið í útliti en hefur hýst annars konar vafasama kar-aktera. Hefur nú verið auglýst eftir tillögum um hvers konar starfsemi eigi að vera í húsinu. Hafa komið upp hugmyndir um að geyma þar lögfræðinga en það hefur hlotið dræmar undir-tektir. Einnig hefur komið til tals að gera glæpasafn í anda Alca-traz, væntanlega með lundalegri gjafavöruslun í smákrimma-þema. Annars væri næst að breyta húsinu í BDSM-klúbb, þá þyrfti ekki að breyta nafninu.

## Fluguskoðun

Rúmlega þrjátíu þúsund lands-menn hafa sótt Ferðagjöfina, en það er rafrænt gjafakort sem hægt er að nota á ýmsum stöðum til að styðja við íslenska ferða-þjónustu. Appið er mjög metn-aðarfullt en mörgum brá í brún að sjá hvað hægt er að nota gjafa-kortið í. Meðal afþreyingar sem er í boði á höfuðborgarsvæðinu er gönguferð niður Hverfisgötu. Þá er eini veitingastaðurinn sem tekur við gjafakortinu staðsettur í Hamraborg, með fylgir skoð-unarferð um einu innibensin-stöð landsins. Þá er einnig hægt að nota gjafakortið til að fara í fuglaskoðun í Elliðaárdalnum, fluguskoðun við Mývatn og mávaskoðun í Hafnarfjarðar-höfn. Ekki amalegt það. arib@frettabladid.is

## Sérhagsmunagæslan



Guðmundur  
Andri Thorsson  
alþingismaður

Ein af helstu trúarsetningum hægri manna er að allt eftirlit með markaðnum sé skaðlegt. Hugmyndin er sú að markaðurinn sé óskek-ull, eiginlega guðleg forsjón, og goðgá sé að trufla hann með eftirlitsstofnunum. Eitt af því fyrsta sem Sjálfstæðismenn gera jafnan þegar þeir komast í stjórn – fyrir utan að lækka gjöldin á stórútgerðina – er að veikja þær stofnanir sem eiga að sinna eftir-litshlutverki með fyrirtækjum og gæta hagsmuna almennings. Þeir aðhyllast óheft markaðslögmál frekar en frjálsa samkeppni. Hin ósýnilega hönd er blá.

Ekki síst hér á landi, þar sem manni hefur stundum vírst að hægri menn líti á það sem hlut-verk sitt að standa vörð um góða stöðu tiltekinna fyrirtækja í fákeppninni og aðgang þeirra að neyt-endum sem ekki eiga kost á því að beina viðskipt-um sínum í hagstæðari áttir. Það hvarflar stundum að manni að litíð sé á neytendur eins og veiðistofn sem úthlutað er kvótum á, eftir aldagömlum, óskráðum reglum sem mótuðust í helmingaskipta-samfélaginu.

Og nú er komið fram eitt af þessum málum sem beinast gegn frjálsri samkeppni svo að guðleg for-sjón markaðarins geti starfað óáreitt. Á lokaspretti þingsins, með tilheyrandi ani og spani og ódagoti, stendur nú til að afgreiða stjórnarfrumvarp sem mun veikja Samkeppniseftirlitið, á tímum þegar full ástæða er til að styrkja það. Verði það afgreitt gætum við átt í vandum samruna stórra fyrir-tækja, og við þekkjum öll hvað slíkt táknar hér á landi: hærra vöruverð og minni þjónustu. Fyrir-tækjum verður sjálfum ætlað að meta það hvort skilyrði samkeppnislaga til samstarfs séu uppfyllt – svo nokkuð sé nefnt.

Staða neytenda hefur löngum verið veikari hér en víðast hvar í kringum okkur – og á enn eftir að veikjast verði frumvarpið að lögum.

Þetta mál sýnir að þessi ríkisstjórn stendur vörð um sérhagsmuni en lætur almannahagsmuni lönd og leið.



Þeir aðhyllast óheft mark-aðslögmál frekar en frjálsa samkeppni. Hin ósýnilega hönd er blá.



# Leiðtogar

Í DAG



Guðmundur Steingrímsson

Ég veit ekki nákvæmlega hvernig þetta var í gamla daga, en ég get ímyndað mér það út frá heimildum og sögum. Mér finnst eins og í gamla daga hafi svokallaðir sterkir leiðtogar verið einhvers konar persónuleikar sem fólk leit mikið upp til og dýrkaði jafnvel. Orð þeirra voru lögð á minnið. Fólk sat þögult við viðtækin, þaggaði niður í ungviðinu, og hlýddi píreygt á ræður þeirra á örlagatímum. Járnvilji. Stáltaugar. Þannig orð eru talin lýsa svona leiðtogum. Hugsanlegt er að á ferð mannskeppunnar frá trúarbrögðum til meira trúleysis, einkum á Vesturlöndum, hafi þessir leiðtogar á upphafsáratugum lýðræðisins fyllt í tómið sem guðirnir skildu eftir. Þeir voru goðum líkir.

Mér finnst ég greina í samtíma mínum stórbrotna breytingu á því hvernig almennt er talið að leiðtogar eigi að haga sér. Hinn sterki leiðtogi upp á gamla móðinn, í þeim löndum þar sem hann yfirleitt spriklar enn, er almennt til leiðinda og óþurftar nú til dags, sýnist mér.

Áður fyrr var ekkert Google og engin Wikipedia. Bændur stofnuðu jó bókaklúbba og fengu send nýjustu ritin, eins og norður í Þingeyjarsýslum á 19. öld, en almennt má þó óhikað segja að aðgengi að vitneskju var mun minna áður fyrr. Í slíkum jarðvegi uxu alltumlykjandi leiðtogar mun betur en nú. Þeir gátu sagt fólki hvað væri að fréttu, hvernig hlutirnir voru og í hvað stefndi. Jafnvel logið því að mestu. Núna vita flestir flest. Orð leiðtoganna eru gúggluð í mauk. Fólk er núna upp til hópa leiðtogar í eigin lifi. Þjóð eins og Ísland er uppfull af leiðtogum. Af fólki sem veit töluvert og hefur á grunni þekkingar sinnar myndað sér lífsspeki og er síðan á grunni lífsspeki sinnar að stefna eitthvert í lifi sínu og hefur enga þörf fyrir það að hlusta á einhverja menn segja sér óumbeidið hvernig hlutirnir eru.

Enn er þó þörf fyrir leiðtoga. Þörf in er hins vegar öðruvísi. Nú á tímum er meira verið að tala um, held ég, að það þurfi eitthvert áreiðanlegt fólk til að sjá um sameignina. Mjög

fáir nenna að sjá um sameignina en flestir átta sig á því að hún er mjög mikilvæg. Sem betur fer er til þrýðilegt fólk sem er reiðubúið að gefa sig fram í þessi störf. Þetta fólk má mjög gjarnan hafa djúpa sýn og ólíka. Almennt held ég hins vegar að mjög fáir nenni að hafa í sameigninni eitthvert egó sem brestur í predikanir fyrirvaralaust, þykist vita allt eða gerir skýlausar kröfur um hollustu við sig eða lítur svo á að nostríð við sameignina sé einhvers konar drottandi háseti í þúsund ára höll valdsins. Sá tími er liðinn.

Mér finnst þetta góð þróun og ég vona að hún haldi áfram án teljandi bakslaga. Stjórnmal eiga að snúast um þjónandi leiðsögn. Fólk í leiðtogasæti á að veljast til þeirra starfa af jafningjum, vegna þess að því er treyst vegna mannkosta sinna. Mörg gæfurík dæmi úr mannkynssögunni höfum við vissulega um slíkt, sem hafa orðið farsælum leiðtogum nútímans innblástur. COVID-krísan hefur dregið fram kosti hinna þjónandi jafningjaleiðtoga um allar jarðir. Viða á þessi breyting á leiðtogahugmyndinni í átt til meiri hlustunar, hógvæðar og yfirvegunar þó enn undir högg að sækja. Hugmyndin um hinn fúllynda og yfirþyrmandi stálleiðtoga engist um í áhugaverðum dauðakippum. Þegar hætta steðjar að hafa slíkir trumpar ekki reynst ráða við nokkurn skapadan hlut. Útblásið egóíð gerir þeim ókleift að hlýða á ráð annarra eða gefa skynseminni á einhvern hátt sjens.

Auðmýkt, samhygd og virðing fyrir öðrum. Traust til þekkingar og vísinda. Húmor fyrir sjálfum sér. Þekking á sögunni. Viðsýni. Hroka-leysi. Einlægni. Eins og líklega annar hver maður, þá hef ég kannast við Guðna Th. Jóhannesson um langt skeið. Hann var nágranni minn í bernsku. Eldri bróðir vinar míns. Mér hefur alltaf fundist hann frábær náungi. Mér datt aldrei í hug að hann yrði forseti Íslands. Ekki frekar en honum sjálfum.

En það er einmitt þetta sem ég á við. Tímarnir eru að breytast og mikið er það gott að við Íslendingar skulum vera komin svona langt í að átta okkur á þessu, sem ég held við höfum gert. Kannski fyrir löngu. Það er svo miklu betra fyrir alla að í leiðtogastól veljist góð, yfirveguð manneskja, eins og Guðni, sem hægt er að treysta – þótt hann noti buff á höfuðið – frekar en einhver hrútþrjóskur forystusauður með ranghugmyndir eða loddari. Annað eins getur gerst.

# Kjósum góðan forseta

Inga Þórsdóttir  
prófessor og forseti Heilbrigðisvísinda-  
sviðs Háskóla Íslands

Þegar kosningar eru á næsta leiti er það umræðuefnið þegar menn koma saman. Jú, ég kys hann Guðna því hann er bara svo góður drengur, sagði svili minn. Og stendur sig þvílíkt vel, sagði mágkonan. Undir þetta verð ég að taka. Forsetinn er ekki valdagirugur og notar embættið rétt og til góðra verka. Hérlandis kjósum við einstaklinga til að fara með ýmis sameiginleg málefni okkar og bera þeir ábyrgð á hinu og þessu – fjórða hvert ár kjósum við til þings og veljum á þann hátt líka óbeint ráðherra, og sömuleiðis fjórða hvert ár til bæjarstjórnar. Hver og einn af hinum þjóðkjörnu fulltrúum hefur sitt hlutverk, þar á

meðal er hlutverk forsetans alveg sérstakt, þó einstaka menn virðist ekki vita það. Guðni þekkir hlutverk sitt í embætti. Hann leitast við að vera mjög gott sameiningartákn landa sinna. Að menn séu sáttir við hann og einnig eftir því sem hægt er kurteisir hver við annan. Um leið og hann hvetur til umræðu og skoðanaskipta. Og síðast en ekki síst til bjartsýni og góðra verka. Með hvatningunni fylgir þessi þægilega tilgerðarlausu hegðun forsetans sem er á sjónvarpsskjá rétt eins og hún væri í litilli kennslustofu.

Ég held líka að okkur Íslendingum finnst sérstaklega mikilvægt hvernig við könnumst við ýmislegt í fari Guðna af því það minnir okkur á okkur sjálf. Já, þetta íslenska. Sjálfsagt mætti hér nefna margt en eitt dæmi er hvernig Guðni tengir saman gamalt og nýtt, fortíð og nútíð og jafnvel framtíð. Sagan, Íslendingasögurnar og jafnvel blessaður gamli, að ýmsum finnst ógeðslegi, maturinn okkar. Þarna er sagnfræðingurinn Guðni auðvitað á heimavelli. Og nútíminn, þessi



**Þetta kunnuglega hlýja viðmót og fullkomna tilgerðarleysi er það sem auglýsir forsetann einna best.**

þörf Íslendinga fyrir að fylgjast með, vera fyrst og best og flest í að nota nútímataekni. Þar er forsetinn einnig öllum hnútum kunnugur. Annað dæmi er svo fjölskyldu-  
maðurinn Guðni, og þá líklega ekki síst krakkaskarinn. Þriðja dæmið væri svo auðvitað Guðni að plokka rusl, en samstarfsmaður minn sem hleypur gjarnan sér til heilsubótar rakst á hann eitt rólegt kvöld úti á Álftanesi við að tína rusl og snyrta til. Þetta kunnuglega hlýja viðmót og fullkomna tilgerðarleysi er það sem auglýsir forsetann einna best. Mætum öll og kjósum Guðna forseta.

# Fjallhress forseti

Tómas Guðbjartsson  
hjartaskurð-  
læknir

Um helgina fara fram forsetakosningar í okkar 76 ára gamla lýðveldi. Tveir framþjóðendur hafa gefið kost á sér og annan þeirra þekki ég til marga ára og aðeins af góðu, Guðna Th. Jóhannesson sitjandi forseta. Líkt og langflestum Íslendingum finnst mér að Guðni og eiginkona hans, Eliza, hafi staðið sig frábærlega í embætti og almenn sátt ríkt um störf þeirra. Reyndar heldur mótframþjóðandi hans öðru fram og beitir orðræðu sem ég man ekki eftir að hafi áður tíðkast í forsetaframboði hérlandis. Sem betur fer hefur Guðna tekist að fordást stórrýði í kosningabaráttunni og orðræða hans verið bæði málefnaleg og yfirveguð. Kurteisi er Guðna í

blöð borin og viðmót þeirra hjóna er einstaklega vinalegt og alþýðlegt. Guðna hefur sem forseta tekist að sameina fólk en ekki sundra, en það er eiginleiki sem sjaldan hefur verið eins mikil þörf fyrir og nú. Það er einmitt í mótvindi sem mest mæðir á forseta Íslands. Þar kemur Guðni sterkur inn – og það get ég fullt út frá eigin reynslu.

Guðni kann að hlusta og hefur reynst mér og fleirum vel þegar á móti blæs. Minnistæð er ferð okkar á Hvannadalshnjúk fyrir þremur árum þar sem sofíð var í tjaldi á miðjum Öræfajökli. Hæsti tindur Íslands, Hvannadalshnjúkur, var síðan toppaður á miðnætti en þangað hafði hann ekki komið áður. Þetta var krefjandi fjallaferð þar sem draga þurfti þungar þulkur á ferðaskiðum upp Öræfajökul.

Þótt Guðni hefði nær enga reynslu af jöklaferðum reyndist þessi ferð honum tiltölulega auðveld. Hann var í góðu líkamlegu formi en það var þó andlegur styrkur og mikil jákvæðni sem tryggðu að hópurinn náði takmarki sínu. Á næturstað gekk forsetinn í öll



**Ef við viljum efla slík gildi mætum við á kjörstað og greiðum Guðna atkvæði okkar.**

verk eins og aðrir leiðangursmenn. Á leiðinni heim náðum við líka að klífa Vestari Hnapp sem er fáfarinn snarbrattur tindur. Veðrið þessa daga var einstakt en það var félagskapurinn sem stóð upp úr. Sérstaklega þótti mér gaman að sjá Guðna takast af áræðni og jákvæðni á við krefjandi og framandi aðstæður. Slíka eiginleika viljum við sjá hjá forseta Íslands og ekki spillir fyrir hversu heilsteyptur Guðni er og að hann láti velferð allra Íslendinga sig varða. Ef við viljum efla slík gildi mætum við á kjörstað og greiðum Guðna atkvæði okkar.

# Abra - kadabr - ANANAS OG PÚFF... TÖFRAR Á TEINI!



TÖFRABRAG  
ANANAS  
GÓÐUR Á GRILLIP

Fáðu töfra innblástur á [kronan.is/töfrar](http://kronan.is/töfrar)



KRONAN



Afgreiðslutímar á [www.kronan.is](http://www.kronan.is)





Raheem Sterling í leik með City.

## Sterling saknar þess að sjá þeldökka stjóra

**ENSKI BOLTINN** Rahhem Sterling, leikmaður Manchester City, ræddi stöðu þeldökkra knattspyrnustjóra í þætti á BBC í vikunni. Þar benti hann á að hlutfall þeirra í ensku deildarkeppninni væri afar lágt.

Þá sagði hann sína tilfinningu vera að fyrrverandi enskir landsliðsmenn sem væru dökkir á hörund ættu erfiðara með að ná frama innan knattspyrnustjórstéttarinnar en hvítir. Benti hann á erfiðleika Sol Campbell og Ashley Cole við að fá stjórarstarf hjá liði í hæsta gæðaflokki, máli sínu til stuðnings.

Sterling benti á að Frank Lampard og Steven Gerrard hefðu átt auðveldara með að klífa upp menntorðstigann en fyrrgreindir menn.

„Það eru um það bil 500 leikmenn í ensku úrvalsdeildinni og þriðjungur þeirra er þeldökkuur. Þrátt fyrir þetta eigum við mjög fá fulltrúa í knattspyrnustjórarstarfi,“ segir Sterling um stöðu mála.

„Þrátt fyrir að hafa átt ámóta feril sem leikmenn hjá félags- og landsliðum hafa leiðir þeirra verið ólíkar og Campbell og Cole hafa átt erfiðara með að koma sér að,“ segir hann enn fremur.

„Mér finnst þessi samanburður Sterlings ekki alveg sanngjarn þrátt fyrir að ég virði skóðanir hans. Campbell stóð sig vel hjá Macclesfield og Southend. Þá er Cole í flottu starfi sem þjálfari í akademíunni hjá Chelsea. Þessum mönnum eru allir vegir færir og ég tel að þeir muni fá flott störf í framtíðinni,“ sagði Lampard – hó

## Pedro yfirgefur Chelsea í sumar

**ENSKI BOLTINN** Spænski knattspyrnumaðurinn Pedro mun ganga til liðs við ítalska félagið Roma þegar samningur hans við Chelsea rennur út í sumar.

Þessi 32 ára gamli kantmaður gerði skammtímasamning við Chelsea nýverið sem hélt honum í herbúðum Lundúnafélagsins út leiktíðina. Samningur hans við Roma er til eins árs með möguleika á framlengingu.

Pedro hefur leikið með Chelsea í fimm ár en hann kom til liðsins frá Barcelona árið 2015. Hann hefur skorað 43 mörk í þeim 201 leik sem hann hefur leikið fyrir liðið.

Með Chelsea varð hann enskur meistari árið 2017, enskur bikar-meistari árið 2018 og vann Evrópu-deildina síðastliðið vor.

Chelsea hefur fest kaup á markóskóka vængmanninum Hakim Ziyech sem kemur frá Ajax og þýska framherjanum Timo Werner frá RB Leipzig. Þá hefur Kai Haverts, leikmaður Bayer Leverkusen, verið orðaður við liðið. – hó

## Liverpool varð sófameistari í gærkvöldi



Liverpool er Englandsmeistari í fyrsta sinn í 30 ár. Aðalkeppinautarnir, í Manchester City, töpuðu fyrir Chelsea í gærkvöldi og gat liðið og stuðningsmenn þess fagnað. Mikill viðbúnaður var fyrir utan Anfield-völlinn þar sem óttast var að stuðningsmenn myndu safnast saman í stórum hópum. Þessir menn skemmtu sér þó konunglega fyrir utan völlinn í Bítlaborginni og hafa væntanlega fagnað langt fram eftir nóttu. MYND/GETTY

# Einangrunin verið mjög erfið

Martin Hermannsson, landsliðsmaður í körfubolta, og félagar hans hjá þýska liðinu Alba Berlin hefja í kvöld leik í úrslitaeinvígi um þýska meistaratitilinn. Martin segir síðustu vikur hafa verið afar sérstakar.

**KÖRFUBOLTI** Það ræðst á sunnudaginn kemur hvort Martin Hermannsson og samherjar hans hjá Alba Berlin ná að landa þýska meistaratitlinum í körfubolta en leikið er eftir óhefðbundnu keppnisfyrirkomulagi að þessu sinni vegna kórónaveirufaraldursins.

Alba Berlin og Ludwigsburg leiða saman hesta sína í úrslitaeinvíginu. Martin lék sömuleiðis til úrslita með Alba Berlin síðastliðið vor en þá laut liðið lægra haldi fyrir Bayern München.

Martin hefur verið að glíma við meiðsl í baki í úrslitakeppni deildarinnar sem farið hefur fram síðustu vikurnar en hann hefur spilað með liðinu þrátt fyrir þau meiðsl. Landsliðsmaðurinn lék einungis í tæpar fjórtán mínútur þegar Alba Berlin tryggði sér sæti í úrslitunum með sigri gegn Oldenburg á miðvikudagsinn. Á þeim tíma skoraði hann fimm stig, gaf sex stoðsendingar og tók tvö fráköst.

„Þetta hafa verið mjög sérstakar vikur og ef ég á að segja eins og er þá myndi ég kjósa að keppa ekki aftur við svona aðstæður. Það hefur verið mikill dauður tími á hótélherberginu og ég sakna þess mjög að geta ekki hitt kærustuna mína og barnið mitt á milli leikja og æfinga,“ segir Martin í samtali við Fréttablaðið.

„Gæðin í körfuboltanum hafa hins vegar verið meiri en ég bjóst við og allar hlaupa- og snerputölur sem sjúkraprjálfafrinn fær úr GPS-mælingum á okkur sýna að við séum í jafn góðu og jafnvel betra líkamlegu formi en á hefðbundnu tímabili. Mér hefur líka liðið vel í skrokknunum ef frá er talið höggði



Síðustu dagar hafa verið landgðregnir hjá Martin. Það hefur bjargað því hversu vel hefur gengið. MYND/GETTY

**●● Ef við leikum á eðlilegri getu þá munum við klára þetta einvígi en Ludwigsburg hefur komið á óvart.**

sem ég fékk á mjóbakið,“ segir hann enn fremur.

„Ég skal alveg viðurkenna það að ég er ánægður með að leiktíðinni sé að ljúka. Við höfum ekki mátt yfirgefa hótelið nema klukkutími í senn og erum undir miklu eftirliti.

Þessi einangrun hefur tekið töluvert á andlega. Það er eins gott að hætt var keppni í EuroLeague. Það hefði verið ansi erfitt að gíra sig upp í að klára þá keppni,“ segir hann.

„Ef við leikum á eðlilegri getu þá munum við klára þetta einvígi en Ludwigsburg hefur komið á óvart í úrslitakeppninni með því að slá Bayern München út og þeir eru með sterka fjóra leikmenn sem þeir treysta mikið á.

Vonandi náum við að klára þetta. Eftir þetta einvígi tekur svo við langþráð og óvenjulegt sumarfrí

þar sem það eru engir landsleikir í sumar. Stefnan er að ferðast innanlands með fjölskyldunni,“ segir bakvörðurinn öflugi.

Alba Berlin hefur átta sinnum orðið þýskur meistari í körfubolta karla en liðið stóð síðast uppi sem sigurvegari árið 2008. Þar áður vann liðið þýska meistaratitilinn sjö ár í röð á árunum 1997 til 2003.

Úrslitaeinvígið fer þannig fram að leiknir verða tveir leikir og það lið sem hefur betur í þeim leikjum samanlagt verður krýndur meistari. [hjorvarolafsson@frettabladid.is](mailto:hjorvarolafsson@frettabladid.is)



# ILVA

Sparaðu

# 25-30%

AF ÖLLUM SUMARVÖRUM

GILDIR Í JÚNÍ

Bellevue

**BELLEVUE** 2ja sæta sófi. Svartur. L164 x D78 x H77 cm. 79.900 kr. Nú 59.925 kr.

Canova & Lioni



**CANOVA** garðborð. Grátt gler og gráir álftætur. 205x90 cm. 94.900 kr. Nú 71.175 kr.  
**LIONI** garðstóll. Svartur eða rauður. Staflanlegur. 16.900 kr. Nú 12.675 kr.



**BORGIO** geymslubox. 154x90x93 cm.  
59.900 kr. Nú 44.925 kr.

**CLICK** garðstóll, grár.  
17.900 kr. Nú 13.425 kr.



Bingham

**BINGHAM** hægindastóll. 35.900 kr. Nú 26.925 kr.

Frí heimsending  
Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU FYRIR ÞÁ  
SEM VERSLA FYRIR 5.000 EÐA MEIRA

GILDIR DAGANA 25. - 30. JÚNÍ

**ILVA Korpustorgi**, s: 522 4500 [www.ILVA.is](http://www.ILVA.is)  
mánudaga - sunnudaga 12-18

netgíró  
VALITOR



[FACEBOOK.COM/ILVAISLAND](https://www.facebook.com/ILVAISLAND)



[INSTAGRAM.COM/ILVAISLAND](https://www.instagram.com/ILVAISLAND)



## TÍMAMÓT

## Merkisatburðir

**1823** Kötlugos hefst með stórhlaupi úr Mýrdalsjökli, sem skemmir land í Mýrdal og Álfaveri.

**1847** Aðaljárnbrautarstöðin í Kaupmannahöfn er tekin í notkun.

**1905** Fyrsta loftskeyti erlendis frá berst til Íslands og tekið er á móti því í loftskeytastöð við Rauðará í Reykjavík.

**1921** Kristján X, konungur Íslands og Danmerkur, kemur í heimsókn til landsins.

**1928** Boranir eftir heitu vatni hefjast í Laugardal í Reykjavík.

**1930** Alþingishátiðin er sett á þingvöllum.

## Spjallað um arfleifð Jean-Baptiste Charcot

Næsta sunnudag fer fram sýningarspjall í Þekkingarsetri Suðurnesja um sýninguna Heimskautin heilla. Sýningin er tileinkuð franska heimskautaleiðangursstjóranum Jean-Baptiste Charcot en skip hans Pourquoi-Pas? fórst út af Reykjanesi árið 1936.


Jean-Baptiste Charcot (1867–1936) var læknir og leiðangursstjóri sem tók þátt í fjölda rannsóknaleiðangra, meðal annars í fyrsta leiðangri Frakka á Suðurskautið. Afrakstur leiðangranna var verulegur og aflaði gagna fyrir fjölda fræðasviða.

Charcot og menn hans komu oft við á Íslandi í leiðongrum sínum og eignaðist hann marga góða vini hér á landi. Skip hans Pourquoi-Pas? fórst ásamt áhöfn í miklu óveðri út af Reykjanesi árið 1936, sem var mikil sorgarfrétt á Íslandi á þeim tíma.

Sýningin Heimskautin heilla var opnuð árið 2007 í Þekkingarsetri Suðurnesja og er ætlað að varpa lifi á ævi og starf Charcot. Frá því að sýningin var opnuð hefur hún vaxið og næsta sunnudag fer fram spjall um sýninguna á safninu.

„Ég ætla að segja aðeins frá Charcot, hver hann var og tengja hann aðeins við nútímann,“ segir Friðrik Rafnsson, þýðandi, leiðsögumaður og heiðursfélagi í Vináttufélagi Charcots og Pourquoi-Pas?, sem stendur fyrir sýningarspjallinu. „Gögnin frá rannsóknunum sem hann gerði á sínum tíma hafa reynst ómetanleg í loftslagsvísindum nútímans. Þetta er því bæði merkilegur kafli sögulega og út frá vísindalegu sjónarhorni.“

Á sýningunni má sjá endurgerðan hluta innviða rannsóknarskipsins Pourquoi-Pas? en einnig eru til sýnis fjölmargir merkir gripir sem afkomendur Charcot og velunnarar sýningarinnar hafa gefið frá því hún var opnuð. Þar á meðal má nefna eitt glæsilegasta og nákvæmasta módel sem gert hefur verið af skipinu, portrett af Charcot frá 1935, sem listamaðurinn René-Yves Creston gaf Hermannni Jónassyni, þáverandi forsætisráðherra Íslands, og eftirlíkingu af kajak sem Inúítar gáfu Charcot í einum af fjöl-



Friðrik segir rannsóknir Charcot nýttast í loftslagsvísindum í dag. FRÉTTABLAÐID/ANTON



Portrett af Charcot eftir eiginkonu hans, Marguerite Cléry. Hún var listmálari og teiknari, fór með honum í nokkra leiðangra og studdi hann alla tíð.



Ég ætla að segja aðeins frá Charcot, hver hann var og tengja hann aðeins við nútímann.

mörgum leiðongrum hans til Grænlands á sínum tíma.

Sýningarspjallið fer fram 28. júní klukkan 14. Aðgangur er ókeypis og öll velkomin. [arnartomas@frettabladid.is](mailto:arnartomas@frettabladid.is)



Ástkær eiginkona, móðir okkar, tengdamóðir, systir og amma,

**Guðfinna Elinborg Guðmundsdóttir**

Blönduhlið 19, Reykjavík,

lést í faðmi fjölskyldunnar aðfaranótt 18. júní. Jarðsungið verður frá Háteigskirkju, miðvikudaginn 1. júlí kl. 13.00. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki kvennadeildar Landspítalans og líknardeild Landspítalans í Kópavogi fyrir frábæra umönnun og hlýhug.

Kjartan Egilsson

Hlynur Örn Kjartansson  
Tara Brekkan Pétursdóttir  
Natalia Marín B. Hlynsdóttir  
Pétur Ragnar B. Hlynsson

Ragnar Már Kjartansson  
Ágúst Sævar Guðmundsson



Ástkæri eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Kristinn Arnberg**

skipstjóri,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans við Hringbraut þann 20. júní.

Útför hans fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju mánudaginn 29. júní kl. 15.00.

Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á SOS barnahjálpi.

Laufey Dagmar Jónsdóttir

Kristgeir Arnar Ólafsson  
Hallfreður Guðbjörn Bjarnason

Erna Pálmey Einarsdóttir

Óðinn Arnberg Kristinsson  
Jón Arnberg Kristinsson  
Kristinn Arnberg Kristinsson

Dianna Rut Jóhannudóttir  
Svava Berglind Grétarsdóttir  
Eva Hrunn Guðmarsdóttir  
Eygla Ýr Ævarsdóttir

Barnabörn og barnabarnabörn.



Innilegar þakkir sendum við öllum, sem syndu okkur hlýju og samúð við andlát elskulegrar móður okkar,

**Zophaníu G. Briem**

(Góu)

Svanborg Briem

Bragi Ólafsson

Einar Jón Briem

Lída Briem

Anna Jóna Jóhannsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir amma og langamma,

**Kristín Erla Jónsdóttir**

andaðist 16. júní.

Útförin fer fram frá Lindakirkju, mánudaginn 29. júní kl. 15.

Jón Óskar Valgeirsson

Benný Guðrún Valgeirsdóttir Vilhjálmur Karl Karlsson

Jóhanna Ellen Valgeirsdóttir Ingólfur Kristinsson

Gestur Ingi Valgeirsson

Anna Lilja Valgeirsdóttir

og fjölskyldur.



Elsku mamma okkar, tengdamamma, amma, tengdamma og langamma,

**Kristín Ásmundsdóttir**

Karfavogi 29,

lést á Landspítalanum Fossvogi föstudaginn 19. júní.

Útförin fer fram frá Digraneskirkju mánudaginn 29. júní kl. 11.

Aðalheiður Arnljótsdóttir

Ragnar Þór Arnljóttsson

María Margeirsdóttir

barnabörn og barnabarnabarn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Karla Jónsdóttir**

sjúkraliði,

Máratúni 6, Reykjavík,

lést 22. júní. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju 2. júlí kl. 11.

Þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknardeild Landspítalans í Kópavogi.

Sigurbjörg Guðjónsdóttir

Helga Guðjónsdóttir

Jón Hrafn Guðjónsson

Guðrún Guðjónsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

Kolbeinn Magnússon

Steinar Jónsson

Margrét Torfadóttir

Kurt A. Rasmussen



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**Benedikt Björgvinsson**

prentari,

lést 18. júní sl.

Útförin fer fram frá Frikirkjunni í Reykjavík 1. júlí kl. 13.

Erna Gísladóttir

Guðný Benediktsdóttir

Guðmundur Benediktsson

Björgvin Benediktsson

Guðni Ingimarsson

Ásta Ásgeirsdóttir

Þórdís Einarsdóttir

og barnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Sigríður Jóna Norðkvist**

frá Bolungarvík,

sem lést á Landspítalanum

laugardaginn 20. júní, verður jarðsungen

frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 30. júní

klukkan 13. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Orgelsjóð Hólskirkju í Bolungarvík.

Unnur Guðbjartsdóttir

Elisabet M. Hálfðánsdóttir

Árný Hafborg Hálfðánsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

Garðar Benediktsson





FÖSTUDAGUR 26. JÚNÍ 2020

Lífsstíll



Hera segist líða eins og nakinni án húðflúrsins en að tími hafi verið kominn til að kveðja það. Nú er hægt að máta flúrið á Instagram. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Fann ástina fyrir utan Hallgrímskirkju

Örlagadísirnar biðu söngkonunnar Heru Hjartardóttur þegar hún flutti aftur til Íslands frá Nýja-Sjálandi. Hún hefur fellt grímu húðflúrsins og gerir upp persónuleg mál á sinni tíundu plötu sem hún segir þó eins og sína fyrstu. ➔2

DAG HVERN **LESA****93.000****ÍSLENDINGAR  
FRÉTTABLAÐIÐ  
AÐ MEÐALTALI**HEBBLIÐ: PRENTANNAJAMALING: CALLUP DAY: 02.05.2019, 12:00:00  
ALLEY: LANDIÐ: HIC: STORA: ISLANDI: MANNSKÖL: 2019



Framhald af forsiðu ➔

Þórdís Lilja  
Gunnarsdóttir  
thordisg@frettabladid.is



Mér liður eins og ég sé stödd í ævintýri," segir Hera um óvænta stefnu sem líf hennar tók þegar hún varð ástfangin af Ítalanum Alberto fyrir utan Hallgrímskirkju í fyrrasumar. „Við hittumst fyrir utan kirkjuna og það small bara strax," segir Hera hamingjusöm.

Alberto ólst upp í fjalllendi Ítalíu. „Þess vegna er hann mikill náttúruunnandi eins og ég. Stuttu eftir að við kynntumst förum við í fjallgöngu og gengum saman Laugavegin og það var ótrúleg upplifun. Ég hef séð mikið af Íslandi og spilað á mörgum fallegum stöðum en ég tók andköf af því sem fyrir augu bar á Laugaveginum. Það var eins og að ganga yfir tunglið og inn í ævintýraheim. Við gistum í tjaldi við Álftavatn og gengum í gegnum nóttina þegar fáir voru á ferli. Ég hef aldrei upplifað aðra eins fegurð. Gítarinn varð eftir heima því þetta var í fyrsta sinn sem ég gekk um hálendið á gönguskóm með bakpoka og tjald eins og alvörð fjallagarpur en Albe er meðal annars leiðsögumaður og hefur opnað mér nýja sýn á Ísland síðan við kynntumst."

Dreymir aftur á íslensku

Komið er ár síðan Hera tók ákvörðun um að flytja heim til Íslands eftir aldarfjórðungs búsetu á Nýja-Sjálandi.

„Ísland togaði í mig eins og segull og mér finnst rosalega gott að vera komin aftur heim. Nýja-Sjáland og Ísland eiga ótal margt sameiginlegt, eins og náttúruna, mikla dramatík í loftinu og báðar eyjurnar eiga sitt eigið léttu viðhorf til lífsins. Á Nýja-Sjálandi er oft talað um „She'll be right“ eins og við segjum „þetta reddast“ og það elska ég við bæði löndin," segir Hera sem er aftur farin að hugsa og dreyma á íslensku.

„Auðvitað er erfitt að vera svona langt frá foreldrum sínum en í dag er maður ekki eins óralangt frá fólki og áður, jafnvel þótt það búi hinum megin á hnettinum. Við erum dugleg að tala saman í gegnum tæknina í dag en maður skreppur víst ekkert þangað út í heimsókn. Það er eins langt og hægt er að komast, alls 29 tímar í loftinu og minnst þrjár flugvélar að komast þangað," segir Hera sem vonast til að fá fjölskylduna til Íslands sem fyrst.

„Ég hef enga heimþrá til Nýja-Sjálands en ég sakna minna nánustu. Ég hef lært að eiga heima þar sem ég er og er sátt við að vera teygð yfir hálfan hnöttinn. Hér vil ég vera en helst líka hafa alla mína nánustu hjá mér svo ég geti faðmað þá að mér. Fjölskyldan mín kom í heimsókn í fyrra og biður þess að komast aftur í sumar en landamæri Nýja-Sjálands eru lokað vegna COVID-19. Hér á Íslandi eigum við stóra fjölskyldu og ég á góða að um allt land. Ég er þakklát fyrir allt fólkið mitt og við höfum lært að þó það sé fjarlægð á milli okkar erum við ótrúlega samheldin."

Eins og sjö ára úti í búð

Hera nýtur þess í ystu æsar að eiga aftur heima á Íslandi. „Ég held ég hafi þrjónað sjö lopapeysur það sem af er ári. Mér finnst mjög gaman að þrjóna. Ég hef það frá ömmu minni sem rak Hannyrðabúðina í Hafnarfirði í gamla dag með Gullu systur sinni, beint á móti Bæjarbíói. Nú heldur Hannyrðabúðin áfram í Alvöru-búðinni á Selfossi þar sem ég á líka fjölskyldu og ég get endalaust mælt með skemmtilegu þrjónauppskriftunum þaðan," segir Hera sem fer líka um íslenskar sveitir þegar færi gefst.



Í flúrinu voru alltaf þrír punktar sem táknðu foreldra mína og bróður. Það var mér til halds og trausts en nú ber ég fjölskylduna innra með mér.

„Ég hef uppgötvað margt nýtt á ferðum mínum um Ísland. Við Albe gengum á Eyjafjallajökul um daginn og ætlum yfir Fimmvörðuháls með tjald í farangrinum í sumar og gítarinn. Ég mundi nýlega eftir íslenska orðatiltækinu „að leggja höfuðið í bleyti“. Slíka orðsnilld þýðir maður ekki á neitt annað tungumál en það á svo æðislega við allar náttúrulegarnar hér á landi; að leggja höfuðið í bleyti og finna innblástur í sköpun á tónlist," segir Hera kát.

Á Nýja-Sjálandi saknaði hún gjarnan íslenskra stétinda. „Þegar ég kom í stutt stopp til Íslands var ég eins og sjö ára úti í búð að kaupa allt sem ég saknaði, Ópal, lakkris, piparduft og harðfisk, sem ég elska með íslensku smjöri. Það er þökkalega erfitt að koma harðfiski upp í fólk sem er ekki héðan því þurrkaður, þurr fiskur þykir ekki spennandi, en ég sendi hann stundum til Nýja-Sjálands. Núna ræður hins vegar íslensk-ítölsk matargerð ríkjum heima, sem er heppilegt því ég elska pitsu og kærastinn er mjög góður kokkur."

Var fyrsta freyja hjá WOW air

Hera var átta ára þegar hún fékk fyrsta gítarinn. „Mig langaði að spila á pianó en mamma vildi að ég lærði útilegulög á gítarinn. Ég stappaði niður fæti og ákvað frekar að reyna að semja mín lög sjálf. Ég man ekki eftir mér öðruvísi en syngjandi. Þegar ég var lítill og send út í búð bullaði ég og sönglaði innkaupalistann til að muna hann. Tónlistin hefur alltaf verið mér eðlislæg og mér liður vel í henni," segir Hera sem byrjaði að skrifa ljód sem hún flutti á börum aðeins fjórtán ára. „Fljótlega bættist gítarinn við og ég var enn í grunnskóla þegar ég tók upp fyrstu plötuna mína, þá sextán ára. Ég fór svo beint út í það að taka upp næstu plötu og stuttu síðar samdi ég lagið „Itchy Palms“ sem var notað sem titillag fyrir kvikmyndina Hafid. Ég hef verið í tónlist allar götur síðan," segir Hera, sem hefur þó unnið við ýmislegt annað um dagana.

„Ég var í nokkur ár flugfreyja og fyrsta freyja hjá WOW air meðfram tónlistinni. Það var ofboðslega skemmtilegt tímabil og ég lærði mikið af því. Þar fer margt hönd í hönd við tónlistina, eins og viðburðastjórn og ákveðin framkoma sem flugið kallar líka á. Mér hefur alltaf þótt gaman að vera með fólki og skapa, hvort sem það er að þrjóna, teikna eða syngja; mér liður bara vel í listinni og að vera í góðum hópi fólks, að túra með tónlistarmönnum eða ferðast með flugfólki. Þetta eru skemmtilegustu teymin."

Notaði flúrið sem skjöld

Hera hefur lengst af komið fram með finlegt en áberandi húðflúr í andlitinu. „Húðflúrið var innblásið af nýsjálenskri og keltneskri stríðsmálinngu. Ég notaði það sem skjöld þegar ég kom fram. Í því voru tákn sem höfðu mismunandi merkingu eftir því hvernig mér leið hverju sinni en nú er ég tilbúin að leggja flúrið frá mér. Mér liður hins vegar enn eins og allsber þegar ég er ekki með það og er enn að venjast þessu því ég hef haft flúrið framan í mér í sautján ár. Því er skrítið að koma fram án þess, mér þykir vænt um flúrið og það er erfitt að sleppa því en mér finnst tíminn vera kominn," segir Hera um húðflúrið sem tók breytingum eftir því hvar hún var stödd í lífinu.

„Í flúrinu voru alltaf þrír punktar sem táknðu foreldra mína og bróður en líka táknid „koru“ sem er nýsjálenskt tákn fyrir öldurhafsyni. Flúrið þróaðist með mér alveg þangað til það þróaðist af. Mér finnst ég berskjaldaðri í tónlistinni og lífinu án þess, líka af því flúrið var mér til halds og trausts, en í stað þess að bera fjölskylduna utan á mér eru þau nú innra með mér," segir Hera.

Nú er hægt að máta flúrið hennar á Instagram. „Það hafði samband við mig forritari í München sem vildi gera filter af flúrinu á Instagram og nú er hægt að setja það á andlitid á sér. Það er sumsé komið út í heim á sama tíma og ég er að kveðja það," segir Hera, sem hefur gaman af tiltæki Þjóðverjans og hægt er að skoða og máta filterinn á @herasings á Instagram.

Ást og ástarsorg og núið

Þann 10. júlí kemur út tíunda plata Heru, eftir átta ára útgáfuhlé. „Hera er tíunda platan mín en ég upplifi hana þó sem mína fyrstu. Ég hef verið sólólistamaður lengi en finnst fyrst núna að ég sé komin

heim. Platan er uppgjör og segir sögur úr mínu persónulega lífi. Mér finnst ákveðin hugleiðsla að hræra upp í miklum tilfinningum og setja það sem hefur mótað mig í áþreifanlegan hlut sem er hægt að gefa frá sér. Því finnst mér ég nánast sneiða framan af höndunum á mér þegar ég rétti fram plötu; svo persónuleg er hún," segir Hera og hlær. Vinna við plötuna tók yfir þrjú ár, á tímum mikilla lífsbreytinga hjá Heru.

„Platan er samin og ort til margra. Hún er um hamingju og vonbrigði, viss tímabil, ást og ástarsorg, en inniheldur líka skilaboð um það sem skiptir máli að njóta hvers einasta augnabliks, hvort sem það er kónguló í glugganum eða sólskinid. Lagið „Process“ er um manneskju sem er ekki alveg sú sem þú hélt að hún væri og í laginu „Cool it“, sem er mikið uppgjör, má lesa ýmislegt og textarnir fylgja vinylplötunni," segir Hera sem gefur nú í fyrsta sinn út plötu á vínýl og geisladiski og fleiri stafrænum veitum.

Fyrstu tvö lögin af nýju plötu Heru, „How does a lie taste?“ og „Process“, hafa fengið góða spílun í útvarpi og „Process“ náði fyrsta sæti á vinsældalista Rásar 2.

„Ég met það mikils að fólk sé að hlusta. Plötuna vann ég með æðislegum íslenskum listamönnum og það hefur verið ótrúleg upplifun að vinna með Barða Jóhannssyni sem útsetti plötuna. Hann tekur tilfinningar og setur þær á einangraðan stað í alveg sérstökum heimi. Tónlistarmenn frá Nýja-Sjálandi lögðu svo plötunni lið með hljóðfæraslætti, strengir voru teknir upp í Bandaríkjunum og platan var masteruð í Bretlandi. Henni var því púslað saman um hnöttinn eins og plötur eru gerðar í dag," segir Hera, sæl með útkomuna.

„Já, þessi plata er það sem ég er hvað stoltust af. Að lögin mín hljómi nú loksins eins og þau eiga að hljóma."

Mótuð af Bubba og Megasi

Hera leggur land undir fót næstkomandi fimmtudag, 2. júlí, og verður með ellefu tónleika á landsbyggðinni í júlí og annað eins í ágúst. „Við ætlum að ferðast um landið í leiddinni. Fyrsta legginntölkum við með Go Campers á Vestfirðina," segir Hera, full tilhlökkunar. „Það er hægt að segja að þetta sé

rómantísk ferð um landið því ég tengi rómantik við það að spila. Mér þykir svo vænt um að eiga kósi tíma með fólki, vera ein á sviði með gítarinn og segja sögur sem stundum er eins og að lesa upp úr dagbók," segir Hera sem byrjar tónleikaferðina á Vestfjörðunum en fer seinna í júlí um Austfirði.

„Ég sækí í sjávarþorpin því ég ólst upp við hafið á Granda í Vesturbænum. Afí minn var sjómaður og það er mikil sjómennska í fjölskyldunni. Mér hefur því alltaf liðið best nálægt sjó, þar er einhver kyrrð og núvitund. Það er mér þess vegna afar kært að geta haldið útgáfutónleikana í Bæjarbíói þar sem ég var löngum stundum sem barn. Mamma skrifaði bókina um Rusla-skrimslið og sýnt var leikrit eftir bókinni í Bæjarbíói, svo ég hef æsku mína að rekja þangað."

Hægt er að skoða dagsetningar á tónleikaröð Heru um landið á vefsíðunni herasings.com en útgáfutónleikar með hljómsveit verða í Bæjarbíói 23. júlí. „Ég vil ekki þykjast vera með allt á hreinu því þannig er enginn og finnst gott ef mér verða á mistök. Þá opnast eitthvað og ég finn tengingu við áheyrendur," segir Hera.

Hægt er að hafa samband við hana á Instagram eða Facebook til að biðja um óskalgö tónleikunum sem fram fara í sumar.


„Mér finnst gaman að heyra í fólki og þykir alltaf vænt um þegar beðið er um Stúlkan sem starir á hafið eftir Bubba. Ég man svo vel eftir deginum þegar ég fékk fyrsta gítarinn minn. Þá var ég átta ára og settist fyrir framan spegilinn til að þykjast spila þetta lag. Löngu seinna tók ég lagið á afmælistónleikum Bubba 060606 og fannst ég þá hafa lokað stórum hring," segir Hera, sællar minningar.

„Bubbi er æðislegur og hefur alltaf verið í uppáhaldi hjá mér. Við ferðumst saman um landið fyrir mörgum árum og komum þá fram á 37 tónleikum. Á þeim tíma var hann eins og stóri bróðir minn; hann og Megas sem ól mig upp á bókum frá því ég var tólf ára. Þá kynntust foreldrar mínir honum og okkur Megasi varð vel til vana. Hann sendi mér bækur sem mótuðu mig mikið og ég met mikils það uppellid og menningu."

Framtíðin er óskrifað blað hjá Heru. „Líf mitt hefur tekið 180 gráðu beygju á undanfögnu og tækifærin eru allsstaðar. Ég nýt þess bara að vera stödd í æðislegu ævintýri og sjá hvert lífid leiðir mig. „She'll be right“."

Hera og ítalski leiðsögumaðurinn Albe hittust á bekk fyrir utan Hallgrímskirkju þegar Hera var nýflutt aftur heim til Íslands. Þau njóta þess að ferðast um landið saman og Hera segir Albe vera góðan kokk á ítalska vísu sem sé heppilegt þar sem hún elski pitsur. MYND/ÚR EINKASAFNI





# Vertu með! Allt í gangi

**TT • Mótun • Fit Form 60+  
Hraðlest • Kynntu þér málið!**

## Hraðlest

Hraðlest fer af stað 6. júlí, 4x í viku í tvær vikur

Verð aðeins 10.900 kr.

Tímabil: 6.-16. júlí, 20.-30. júlí,  
4.-13. ágúst og 17.-27. ágúst.

Innritun í síma 581 3730. Sjá nánar á [jsb.is](http://jsb.is)

**Hlökkum til að sjá þig!**

Markviss, fjölbreytileg og öflug líkamsrækt  
fyrir konur og stelpur sem tekur mið af þörfum ólíkra hópa  
og skilar auknum krafti, hreysti og vellíðan.

Velkomin í okkar hóp!  
Innritun og nánari upplýsingar  
í síma 581 3730 og á [jsb.is](http://jsb.is)



# Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi  
er opinn alla virka daga frá 9-16  
Netfang: [smaar@frettabladid.is](mailto:smaar@frettabladid.is)

## Bílar & Farartæki

### Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**  
Kaupi bíla 25-350þús  
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka**

## Þjónusta

### Hreingerningar

**Hreingerningabjónusta**  
**Þvegillinn**  
**5 44 44 46**  
Hreingerningar - Bónun -  
Bónleysing Flutningsþrif - Þrif  
eftir iðnaðarmenn thvegillinn.  
is - Stofnað 1969 Traustir og vanir  
menn.

### Garðyrkja

**PROSTONE**

- » Jarðvinna
- » Drenlagnir
- » Hellulagnir
- » Þökulagnir

Þjónustum einstaklinga,  
fyrirtæki og húsfélög

**519 7780**  
[prostone@prostone.is](mailto:prostone@prostone.is)

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga, klippingar og umhirðu á gördum. Uppl. í s. 616 1569.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikæls. S. 894 4560 [www.flytja.is](http://www.flytja.is) flytja@flytja.is

### Nudd

**NUDD NUDD NUDD**  
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

## Húsaveiðhald

**PROSTONE**

- » Smíðavinna
- » Múrvinna
- » Málningarvinna

Þjónustum einstaklinga,  
fyrirtæki og húsfélög

**519 7780**  
[prostone@prostone.is](mailto:prostone@prostone.is)

### Skemmtanir

**ÓSKA EFTIR SÖNGKONU OG GÍTARLEIKARA.**  
Söngkona og gítarleikari á góðum aldri óskast í hljómsveit, 70' músik.  
**Uppl. á antonben@simnet.is**

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**  
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. [straumblik@gmail.com](mailto:straumblik@gmail.com)

## Keypt & Selt

### Til sölu

**STIGA**  
**Einstök gæði**

**Stiga Estate Pro 9122 XWSY**  
Sjálfskiptur lúxus sláttutraktor, 4WD  
B&S 8240 Intek mótör, 13,1kW  
Sérstyrkt sláttuborð,  
360 ltr. graskassi  
Frábær traktor í erfiðan slátt

**VETRARSÓL**  
Askalind 4, Kóp. Sími 564 1864 [www.veetrarsol.is](http://www.veetrarsol.is)

**Kassagítarar á tilboði**

Kassagítarar í úrvali Gítarinn ehf Kassagítarar á tilboði Rafmagnsgítarar á tilboði Stórhöfða 27 s 552 2125 [www.gitarinn.is](http://www.gitarinn.is) gitarinn@gitarinn.is

**HUMARSALAN**

Humar, Ferskur Lax, Risarækjur og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW. HUMARSALAN.IS S. 867 6677

## Heilsa

### Nudd

**TANTRA NUDD**  
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 [www.tantratemple.is](http://www.tantratemple.is)

## Skólar & Námskeið

### Námskeið

**SIGLINGANÁMSKEIÐ**  
Lærðu að sigla seglskútu, námskeið fyrir börn og fullorðna. Siglingafélag Reykjavíkur - [www.brokey.is](http://www.brokey.is) - [brokey.felog.is](http://brokey.felog.is)

## Húsnæði

### Húsnæði í boði

**GARÐABÆR**  
Til leigu björt 2 herb íbúð á neðri hæð í einbýlishúsi, nýtt eldhús og baðherbergi. Laust 1.júlí, 2020. Langtímaleiga. Reyklausir og skilvísir koma aðeins til greina. Leiga: 190.000kr. Hiti innifalinn.  
**Upplýsingar í síma 8956123.**

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**  
**SÍMI 555-3464**  
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. [www.geymslur.is](http://www.geymslur.is)

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**  
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

## Atvinna

### Atvinna í boði

Óska eftir manni í húsaveiðgerðir, múr og málun. Einhver reynsla æskileg. Uppl: 618 5286 Þórður.

## Tilkynningar

### Tilkynningar

**WWW.YAAKOVSWELL.NET**  
Here you will find a series of studies of the Blessed Torah. All the material is completely free. you may download it, copy it and give it away.

**GEFÐU HÆNU**  
gjofsemgefur.is  
**907 2003**  
**Hjálparstarf kirkjunnar**

## Atvinna

**Fjallableikja ehf. – Stöðvarstjóri**  
Óskar eftir að ráða stöðvarstjóra til að stjórna eldisstöð fyrirtækisins sem er staðsett á Hallgeirshólum í Grímsnesi.  
  
Þeir sem áhuga hafa á starfinu er bent á að skila umsóknum fyrir **29. júní** inn á netfangið: **gositre@gmail.com**

### Til sölu

**GLUGGA GERÐIN**

Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.  
Hafðu samband og við metum ástandið.

Smíðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - [gluggagerdin@gluggagerdin.is](mailto:gluggagerdin@gluggagerdin.is)

## Tilkynningar

**Skipulagsstofnun**

**Mat á umhverfisáhrifum**  
**Ákvörðun um matsskyldu**

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtaldir framkvæmdir

- Skógrækt í landi Hallfríðarstaða, Hörgársveit
- Akbrautir á Keflavíkurvelli, Reykjanesbæ
- Stækkun Eskifjarðarhafnar, Fjarðabyggð

skulu ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106 /2000. Ákvarðanirnar liggja frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík og á vef stofnunarinnar [www.skipulag.is](http://www.skipulag.is) Ákvörðun má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til **27. júlí 2020.**



Sterk tengsl  
í íslensku atvinnulífi

**HAGVANGUR**  
[hagvangur.is](http://hagvangur.is)

**RÁÐNINGAR**

**Árangur fyrirtækja ræðst af þekkingu,** getu og reynslu starfsmanna. Hver einstök ráðning er mikilvæg fjárfesting og er hagur bæði fyrirtækis og viðkomandi einstaklings að vel takist til.

**Intellecta ehf.** Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 [intellecta.is](http://intellecta.is)

**intellecta**

**RÍKISKAUP**  
AÐILI AÐ RAMMASAMINGI





**AFMÆLISTILBOÐ**

**Trenton sófar**

**HÖNNUN: JENS JUUL EILERSEN**




Skeifan 6 / Harpa / Kringlan / Laugavegur 70 / 5687733 / [www.epal.is](http://www.epal.is)



Áklæði: Basque  
Tilboðsverð: **365.500.-**



Áklæði: Leður Texas  
Tilboðsverð: **473.000.-**



220cm x 90 cm

\*Gildir til 31 des 2020 · Áklæði: Basque 07 · 06 · 16 og leður Texas 10



# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Föstudagur

Reykjavík

☁

12°C | 3°C

↕

Ísafjörður

☁

10°C | 3°C

↔

Akureyri

☁

11°C | 2°C

↕

Egilsstaðir

☁

14°C | 5°C

↑

Kirkjubæjarkl

☁

11°C | 4°C

↕

Hveravellir

☁

6°C | 2°C

↕

Austlæg eða breytileg átt í dag, víða hæg og áfram skúrir í flestum landshlutum, en fer að rigna austan til um kvöldið. Hiti 8 til 19 stig, hlýjast austanlands.

Laugardagur

Reykjavík

☁

13°C | 4°C

↕

Ísafjörður

☁

4°C | 6°C

↕

Akureyri

☁

9°C | 2°C

↕

Egilsstaðir

☁

10°C | 2°C

↕

Kirkjubæjarkl

☁

11°C | 2°C

↑

Hveravellir

☁

5°C | 6°C

↓

Sunnudagur

Reykjavík

☁

11°C | 1°C

↕

Ísafjörður

☁

10°C | 3°C

↕

Akureyri

☁

13°C | 2°C

↕

Egilsstaðir

☁

12°C | 5°C

↕

Kirkjubæjarkl

☁

14°C | 1°C

↕

Hveravellir

☁

12°C | 5°C

↕

LÉTT

|   |   |   |   |   |   |   |   |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
|   |   |   | 9 |   | 3 |   | 7 |
|   | 2 | 4 | 7 |   |   |   | 6 |
|   | 7 |   | 4 |   |   | 1 |   |
|   |   | 6 |   |   | 7 | 2 |   |
|   | 9 | 7 |   |   | 2 |   | 6 |
|   | 3 | 8 | 1 | 6 |   |   |   |
|   |   |   |   | 5 | 4 | 2 |   |
| 3 | 6 | 1 |   | 4 |   | 5 |   |
|   | 5 |   | 3 |   |   |   |   |

MIDLUNGS

|   |   |   |   |   |   |   |   |   |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
|   | 1 | 4 |   | 8 |   |   |   |   |
|   |   |   |   | 2 | 4 |   |   |   |
|   |   |   |   |   |   | 5 | 9 |   |
| 3 | 8 |   | 7 | 5 |   | 2 |   |   |
|   |   |   | 9 |   | 1 | 5 |   | 8 |
| 6 |   |   |   | 2 |   |   |   |   |
|   | 3 |   | 6 |   |   |   | 4 |   |
| 7 | 2 |   | 1 |   | 9 |   |   |   |
| 5 |   |   |   |   |   | 1 |   |   |

PUNG

|   |   |   |   |   |   |   |   |   |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 |   | 9 |   |   |   | 8 |   | 5 |
|   |   | 6 |   |   |   | 4 |   |   |
|   | 5 | 7 |   |   |   | 1 | 3 |   |
|   |   |   |   | 4 | 6 |   |   | 9 |
|   | 3 |   | 9 |   |   |   |   | 1 |
|   |   | 2 |   | 5 |   |   |   |   |
| 8 |   |   |   | 7 | 2 |   |   |   |
|   | 1 |   |   |   |   |   |   |   |
|   | 9 | 3 |   |   |   | 2 |   |   |

Krossgáta

LÁRÉTT

1. torveldust  
5. hamangangur  
6. snæði  
8. fugl  
10. tveir eins  
11. tæki  
12. virki  
13. álit  
15. geymir  
17. fævana

LÓÐRÉTT

1. þvælast  
2. göfugur  
3. þakhæð  
4. söngrodd  
7. tepur  
9. dugur  
12. forboð  
14. umstang  
16. tveir eins

|    |    |   |    |    |    |
|----|----|---|----|----|----|
| 1  | 2  | 3 |    | 4  |    |
| 5  |    |   |    | 6  | 7  |
| 8  |    |   |    |    |    |
| 10 |    |   |    | 11 |    |
|    |    |   | 12 |    |    |
| 13 | 14 |   |    |    |    |
| 15 |    |   |    |    | 16 |
|    | 17 |   |    |    |    |

Skák

Gunnar Björnsson

Magnús Carlsen (2.881) átti leik gegn Daniil Dubov (2.770) Chessable-mótinu á Chess24.

22...Dxb3!! 23. axb3 Bxb4 24. Bf1 a5! 25. Dd1 h6! Leikþröngin er algjör og hvítur gafst upp. Átta manna úrslit hófust í gær.

www.skak.is: Chessable-mótið

Svartur á leik

Þrautir

Þrautir felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

|   |   |   |   |   |   |   |   |   |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 9 | 2 | 8 | 4 | 5 | 7 | 1 | 3 |
| 1 | 3 | 4 | 6 | 7 | 2 | 8 | 9 | 5 |
| 5 | 7 | 8 | 9 | 3 | 1 | 4 | 2 | 6 |
| 2 | 8 | 7 | 1 | 5 | 3 | 9 | 6 | 4 |
| 9 | 6 | 5 | 4 | 2 | 8 | 1 | 3 | 7 |
| 3 | 4 | 1 | 7 | 9 | 6 | 5 | 8 | 2 |
| 4 | 1 | 3 | 5 | 6 | 9 | 2 | 7 | 8 |
| 7 | 2 | 9 | 3 | 8 | 4 | 6 | 5 | 1 |
| 8 | 5 | 6 | 2 | 1 | 7 | 3 | 4 | 9 |

|   |   |   |   |   |   |   |   |   |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 2 | 7 | 5 | 4 | 8 | 3 | 6 | 1 |
| 8 | 4 | 5 | 6 | 3 | 1 | 9 | 2 | 7 |
| 1 | 3 | 6 | 9 | 2 | 7 | 4 | 5 | 8 |
| 7 | 5 | 2 | 1 | 6 | 3 | 8 | 9 | 4 |
| 3 | 9 | 8 | 4 | 5 | 2 | 1 | 7 | 6 |
| 6 | 1 | 4 | 7 | 8 | 9 | 2 | 3 | 5 |
| 2 | 7 | 1 | 8 | 9 | 5 | 6 | 4 | 3 |
| 5 | 6 | 3 | 2 | 1 | 4 | 7 | 8 | 9 |
| 4 | 8 | 9 | 3 | 7 | 6 | 5 | 1 | 2 |

|   |   |   |   |   |   |   |   |   |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 5 | 4 | 8 | 2 | 6 | 9 | 3 | 7 |
| 6 | 3 | 7 | 1 | 9 | 5 | 4 | 8 | 2 |
| 8 | 9 | 2 | 3 | 4 | 7 | 5 | 1 | 6 |
| 2 | 8 | 6 | 5 | 1 | 9 | 7 | 4 | 3 |
| 9 | 7 | 5 | 4 | 3 | 8 | 6 | 2 | 1 |
| 3 | 4 | 1 | 7 | 6 | 2 | 8 | 9 | 5 |
| 4 | 2 | 8 | 6 | 5 | 3 | 1 | 7 | 9 |
| 5 | 1 | 9 | 2 | 7 | 4 | 3 | 6 | 8 |
| 7 | 6 | 3 | 9 | 8 | 1 | 2 | 5 | 4 |

FRÉTTABLAÐIÐ

er helgarblaðið

Vill gefa til baka

**Björk Guðmundsdóttir** hefur dvalið á Íslandi síðan í lok febrúar og nýtt tímann með fjölskyldunni í hlutverki húsmóður, samið nýja tónlist og skipulagt tónleikaröð hér heima sem hana hefur lengi langað til að láta verða af.

Ætlaði alls ekki að verða leikari

**Elin Petersdóttir** fer með hlutverk móður aðalleikkonunnar Rachel McAdams, í Eurovision-kvikmynd Will Ferrell, Eurovision: The Story of Fire and Saga, sem beðið hefur verið með eftirvæntingu.

Myndi engu breyta

**Emmsjé Gauti** segist engan veginn hafa ímyndað sér á sínum tíma að hann yrði einn vinsælasti tónlistarmaður landsins. Hann segist vissulega sjá eftir ýmsu en myndu ekki vilja breyta neinu, því það hafi kennt honum að gera betur.

Helgarblað Fréttablaðsins, ómissandi hluti af góðri helgi

Þrautir

Þrautir felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

|   |   |   |   |   |   |   |   |   |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 9 | 2 | 8 | 4 | 5 | 7 | 1 | 3 |
| 1 | 3 | 4 | 6 | 7 | 2 | 8 | 9 | 5 |
| 5 | 7 | 8 | 9 | 3 | 1 | 4 | 2 | 6 |
| 2 | 8 | 7 | 1 | 5 | 3 | 9 | 6 | 4 |
| 9 | 6 | 5 | 4 | 2 | 8 | 1 | 3 | 7 |
| 3 | 4 | 1 | 7 | 9 | 6 | 5 | 8 | 2 |
| 4 | 1 | 3 | 5 | 6 | 9 | 2 | 7 | 8 |
| 7 | 2 | 9 | 3 | 8 | 4 | 6 | 5 | 1 |
| 8 | 5 | 6 | 2 | 1 | 7 | 3 | 4 | 9 |

|   |   |   |   |   |   |   |   |   |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 2 | 7 | 5 | 4 | 8 | 3 | 6 | 1 |
| 8 | 4 | 5 | 6 | 3 | 1 | 9 | 2 | 7 |
| 1 | 3 | 6 | 9 | 2 | 7 | 4 | 5 | 8 |
| 7 | 5 | 2 | 1 | 6 | 3 | 8 | 9 | 4 |
| 3 | 9 | 8 | 4 | 5 | 2 | 1 | 7 | 6 |
| 6 | 1 | 4 | 7 | 8 | 9 | 2 | 3 | 5 |
| 2 | 7 | 1 | 8 | 9 | 5 | 6 | 4 | 3 |
| 5 | 6 | 3 | 2 | 1 | 4 | 7 | 8 | 9 |
| 4 | 8 | 9 | 3 | 7 | 6 | 5 | 1 | 2 |

|   |   |   |   |   |   |   |   |   |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 5 | 4 | 8 | 2 | 6 | 9 | 3 | 7 |
| 6 | 3 | 7 | 1 | 9 | 5 | 4 | 8 | 2 |
| 8 | 9 | 2 | 3 | 4 | 7 | 5 | 1 | 6 |
| 2 | 8 | 6 | 5 | 1 | 9 | 7 | 4 | 3 |
| 9 | 7 | 5 | 4 | 3 | 8 | 6 | 2 | 1 |
| 3 | 4 | 1 | 7 | 6 | 2 | 8 | 9 | 5 |
| 4 | 2 | 8 | 6 | 5 | 3 | 1 | 7 | 9 |
| 5 | 1 | 9 | 2 | 7 | 4 | 3 | 6 | 8 |
| 7 | 6 | 3 | 9 | 8 | 1 | 2 | 5 | 4 |

Pondus

Þrautir felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

|   |   |   |   |   |   |   |   |   |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 9 | 2 | 8 | 4 | 5 | 7 | 1 | 3 |
| 1 | 3 | 4 | 6 | 7 | 2 | 8 | 9 | 5 |
| 5 | 7 | 8 | 9 | 3 | 1 | 4 | 2 | 6 |
| 2 | 8 | 7 | 1 | 5 | 3 | 9 | 6 | 4 |
| 9 | 6 | 5 | 4 | 2 | 8 | 1 | 3 | 7 |
| 3 | 4 | 1 | 7 | 9 | 6 | 5 | 8 | 2 |
| 4 | 1 | 3 | 5 | 6 | 9 | 2 | 7 | 8 |
| 7 | 2 | 9 | 3 | 8 | 4 | 6 | 5 | 1 |
| 8 | 5 | 6 | 2 | 1 | 7 | 3 | 4 | 9 |

|   |   |   |   |   |   |   |   |   |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 2 | 7 | 5 | 4 | 8 | 3 | 6 | 1 |
| 8 | 4 | 5 | 6 | 3 | 1 | 9 | 2 | 7 |
| 1 | 3 | 6 | 9 | 2 | 7 | 4 | 5 | 8 |
| 7 | 5 | 2 | 1 | 6 | 3 | 8 | 9 | 4 |
| 3 | 9 | 8 | 4 | 5 | 2 | 1 | 7 | 6 |
| 6 | 1 | 4 | 7 | 8 | 9 | 2 | 3 | 5 |
| 2 | 7 | 1 | 8 | 9 | 5 | 6 | 4 | 3 |
| 5 | 6 | 3 | 2 | 1 | 4 | 7 | 8 | 9 |
| 4 | 8 | 9 | 3 | 7 | 6 | 5 | 1 | 2 |

|   |   |   |   |   |   |   |   |   |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 5 | 4 | 8 | 2 | 6 | 9 | 3 | 7 |
| 6 | 3 | 7 | 1 | 9 | 5 | 4 | 8 | 2 |
| 8 | 9 | 2 | 3 | 4 | 7 | 5 | 1 | 6 |
| 2 | 8 | 6 | 5 | 1 | 9 | 7 | 4 | 3 |
| 9 | 7 | 5 | 4 | 3 | 8 | 6 | 2 | 1 |
| 3 | 4 | 1 | 7 | 6 | 2 | 8 | 9 | 5 |
| 4 | 2 | 8 | 6 | 5 | 3 | 1 | 7 | 9 |
| 5 | 1 | 9 | 2 | 7 | 4 | 3 | 6 | 8 |
| 7 | 6 | 3 | 9 | 8 | 1 | 2 | 5 | 4 |

Gelgjan

Þrautir felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

|   |   |   |   |   |   |   |   |   |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 9 | 2 | 8 | 4 | 5 | 7 | 1 | 3 |
| 1 | 3 | 4 | 6 | 7 | 2 | 8 | 9 | 5 |
| 5 | 7 | 8 | 9 | 3 | 1 | 4 | 2 | 6 |
| 2 | 8 | 7 | 1 | 5 | 3 | 9 | 6 | 4 |
| 9 | 6 | 5 | 4 | 2 | 8 | 1 | 3 | 7 |
| 3 | 4 | 1 | 7 | 9 | 6 | 5 | 8 | 2 |
| 4 | 1 | 3 | 5 | 6 | 9 | 2 | 7 | 8 |
| 7 | 2 | 9 | 3 | 8 | 4 | 6 | 5 | 1 |
| 8 | 5 | 6 | 2 | 1 | 7 | 3 | 4 | 9 |

|   |   |   |   |   |   |   |   |   |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 2 | 7 | 5 | 4 | 8 | 3 | 6 | 1 |
| 8 | 4 | 5 | 6 | 3 | 1 | 9 | 2 | 7 |
| 1 | 3 | 6 | 9 | 2 | 7 | 4 | 5 | 8 |
| 7 | 5 | 2 | 1 | 6 | 3 | 8 | 9 | 4 |
| 3 | 9 | 8 | 4 | 5 | 2 | 1 | 7 | 6 |
| 6 | 1 | 4 | 7 | 8 | 9 | 2 | 3 | 5 |
| 2 | 7 | 1 | 8 | 9 | 5 | 6 | 4 | 3 |
| 5 | 6 | 3 | 2 | 1 | 4 | 7 | 8 | 9 |
| 4 | 8 | 9 | 3 | 7 | 6 | 5 | 1 | 2 |

|   |   |   |   |   |   |   |   |   |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 5 | 4 | 8 | 2 | 6 | 9 | 3 | 7 |
| 6 | 3 | 7 | 1 | 9 | 5 | 4 | 8 | 2 |
| 8 | 9 | 2 | 3 | 4 | 7 | 5 | 1 | 6 |
| 2 | 8 | 6 | 5 | 1 | 9 | 7 | 4 | 3 |
| 9 | 7 | 5 | 4 | 3 | 8 | 6 | 2 | 1 |
| 3 | 4 | 1 | 7 | 6 | 2 | 8 | 9 | 5 |
| 4 | 2 | 8 | 6 | 5 | 3 | 1 | 7 | 9 |
| 5 | 1 | 9 | 2 | 7 | 4 | 3 | 6 | 8 |
| 7 | 6 | 3 | 9 | 8 | 1 | 2 | 5 | 4 |

Barnalán

Þrautir felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

|   |   |   |   |   |   |   |   |   |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 9 | 2 | 8 | 4 | 5 | 7 | 1 | 3 |
| 1 | 3 | 4 | 6 | 7 | 2 | 8 | 9 | 5 |
| 5 | 7 | 8 | 9 | 3 | 1 | 4 | 2 | 6 |
| 2 | 8 | 7 | 1 | 5 | 3 | 9 | 6 | 4 |
| 9 | 6 | 5 | 4 | 2 | 8 | 1 | 3 | 7 |
| 3 | 4 | 1 | 7 | 9 | 6 | 5 | 8 | 2 |
| 4 | 1 | 3 | 5 | 6 | 9 | 2 | 7 | 8 |
| 7 | 2 | 9 | 3 | 8 | 4 | 6 | 5 | 1 |
| 8 | 5 | 6 | 2 | 1 | 7 | 3 | 4 | 9 |

|   |   |   |   |   |   |   |   |   |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 2 | 7 | 5 | 4 | 8 | 3 | 6 | 1 |
| 8 | 4 | 5 | 6 | 3 | 1 | 9 | 2 | 7 |
| 1 | 3 | 6 | 9 | 2 | 7 | 4 | 5 | 8 |
| 7 | 5 | 2 | 1 | 6 | 3 | 8 | 9 | 4 |
| 3 | 9 | 8 | 4 | 5 | 2 | 1 | 7 | 6 |
| 6 | 1 | 4 | 7 | 8 | 9 | 2 | 3 | 5 |
| 2 | 7 | 1 | 8 | 9 | 5 | 6 | 4 | 3 |
| 5 | 6 | 3 | 2 | 1 | 4 | 7 | 8 | 9 |
| 4 | 8 | 9 | 3 | 7 | 6 | 5 | 1 | 2 |

|   |   |   |   |   |   |   |   |   |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 5 | 4 | 8 | 2 | 6 | 9 | 3 | 7 |
| 6 | 3 | 7 | 1 | 9 | 5 | 4 | 8 | 2 |
| 8 | 9 | 2 | 3 | 4 | 7 | 5 | 1 | 6 |
| 2 | 8 | 6 | 5 | 1 | 9 | 7 | 4 | 3 |
| 9 | 7 | 5 | 4 | 3 | 8 | 6 | 2 | 1 |
| 3 | 4 | 1 | 7 | 6 | 2 | 8 | 9 | 5 |
| 4 | 2 | 8 | 6 | 5 | 3 | 1 | 7 | 9 |
| 5 | 1 | 9 | 2 | 7 | 4 | 3 | 6 | 8 |
| 7 | 6 | 3 | 9 | 8 | 1 | 2 | 5 | 4 |





Víkingur Heiðar og Halla Oddný. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# „Þú ert alltaf að skamma mig“

## SJÓNVARPSÆTTIR

Músíkmolar.  
★★★★★

### RÚV

**Dagskrárgerð:** Víkingur Heiðar Ólafsson, Halla Oddný Magnúsdóttir og Egill Eðvarðsson.

Ef marka má tónlistina eftir Debussy sem Víkingur Heiðar Ólafsson og Halla Oddný Magnúsdóttir kynna fyrir landsmenn í sjónvarpsþáttunum Músíkmolum, þá var tónskáldið hinn ljúfasti náungi. Verkin sem Víkingur spilar eru yfirleitt draumkennd og mjúk, að vísu stundum þunglyndisleg, en annað er glaðlegt. Persónan Debussy var þó ekki þannig. Hann var fúll á móti, gat verið uppfullur af haði og kvikindisskap, ef hann var ekki hreinlega geðvondur. Svo átti hann fáa vini og þegar hann gerðist tónlistargagnrýnandi urðu þeir enn þá færri. Gagnrýni Debussys var hörð og hann neitaði að bugta sig fyrir tónskáldum sem almennt eru sveipuð dýrðarljóma.

### Heima eða ekki

Þættirnir eru sniðugir. Þeir eru sýndir á RÚV á sunnudagskvöldum og mánudagskvöldum og eru bara um tíu mínútur að lengd. Þeir eru teknir upp í Eldborg í Hörpu fyrir

MÚSÍKMOLAR ERU ÞÓ VEL UNNIR, MYNDATAKAN ER SMEKKLEG OG HLJÓÐIÐ PRÝÐILEGT.

tómum sal, sem gæti talist veikleiki, því ýmis tónlistarstreymi þaðan hafa heppnast misjafnlega. Músíkmolar eru þó vel unnir, myndatakan er smekkleg og hljóðið prýðilegt. Kannski finnst einhverjum að svona þættir ættu að vera teknir upp í stofunni heima, eins og Helgi Björns gerði með miklum glæsibrag. En þá væri hljóðið í píanóinu ekki líkt því eins gott. Flygillinn í Eldborg er tryllitæki.

Sambandið á milli Höllu og Víkings er líka skemmtilegt, og skárri væri það nú: þau eru jú hjón. Hver þáttur hefst á því að Víkingur spilar brot úr einhverju verki, sem hingað til hafa flest verið af nýjasta geisladiskinum hans, þ.e. eftir Debussy eða Rameau. Eftir mínútu eða svo fara þau hjónin að tala um tónsmíðina, og gera það liflega og af gríðarlegri þekkingu, bæði tvö. Þau eru ekki beint fyndin, en ástríða þeirra á klassískri tónlist skín í gegn. Og

það er þakkarvert, því allt of fáir þekkja undrin sem þar er að finna.

### Hvernig á að túlka?

Tónlistin eftir Rameau er líka mögnuð. Sérstaklega var gaman að þættinum þar sem Víkingur spilaði Villimennina, sem munu vera innblásnir af frumstæðum dösum. Þar kvartaði Víkingur yfir því að konan hans væri alltaf að skamma hann fyrir það hvernig hann spilaði þetta verk. Hún svaraði því til að henni fyndist hann ekki leika það nógu villimannslega. Svo prófaði hann að spila það með miklu þyngri takti, en henni fannst það ekki heldur nógu gott!

Svona fær áhorfandinn innsýn í það hvernig hægt er að túlka klassíska tónlist á mismunandi hátt. Annað dæmi er Fuglarnir, einnig eftir Rameau, sem Víkingur spilar mjög fjörlega. Hann visar í samtalínu á undan til píanóleikarans Emils Gilels, sem lék þetta sama verk á mun lágstemmdari nótum. Víkingur hermir aðeins eftir honum, og líka þarna heyrir fólk hve fjölbreytnin í túlkun getur verið mikil. Þetta og allt annað í þessum þáttum er frábært: bæði upplýsandi og fagurt. Jónas Sen

**NIÐURSTAÐA:** Músíkmolar eru skemmtilegir og fróðlegir og tónlistarflutningurinn er í hæsta gæðaflokki.

## Sígild barnabók í uppsiglingu

### BÆKUR

#### Blokkinn á heimsenda

★★★★★

Arndís Þórarinsdóttir og Hulda Sigrún Björnsdóttir

Útgefandi: Mál og menning  
Fjöldi síðna: 256

Höfundar skáldsögunnar Blokkinn á heimsenda, Arndís Þórarinsdóttir og Hulda Sigrún Björnsdóttir, hlutu Barnabókaverðlaun Guðrúnar Helgadóttur fyrir óbirt handrit.

Í upphafi bókar kynnumst við sögustelpunni Dröfn sem er á leið að heimsækja ömmu sína sem hún hefur aldrei hitt. Amman býr á afskekktu eyju og fljótlega kemur í ljós að forældrar Drafnar og Ingós, stóra bróður hennar, hafa ekki verið alveg heiðarleg við systkinin, því þegar síðasta ferja sumarsins leggur frá landi verður fjölskyldan eftir og þarf að aðlagast samfélagi þar sem allir búa saman í einni stórrí blokk.

Blokkinn er sjálfbært samfélag, íbúar búa til það rafmagn sem þeir nota með því að hjóla eða róla, húsdýr eru haldin í kjallaranum og allir borða saman í mótuneytinu, frekar en að hver fjölskylda eyði dýrmætri orku í eigin eldamennsku. Samfélagið setur sér eigin lög og reglur og allir íbúarnir hafa hlutverk og leggja sitt til, bæði börn og fullorðnir. Dröfn á erfitt með að aðlagast þessum nýja veruleika. Amma hennar er ekkert eins og ömmur í bókum og fólkið í

blokkinni kann ekkert sérstaklega að meta hana og hennar viðhorf, en bæði hún og þau þroskast og stækka þegar á liður veturinn.

Blokkinn á heimsenda er afar vel skrifuð bók sem minnir ekki bara á verk Guðrúnar Helgadóttur heldur bækur annarra jöfra skandinavískra barnabókmennta eins og Astridar Lindgren og Anne-Cath Wesley. Lífið í blokkinni birtist ljóslifandi fyrir hugskotssjónum og persónugalleríð er skrautlegt í samfélagi þar sem allir hafa sín hlutverk eins og



Sníkjudýrastjórinn, Þvottameistarinn, Aðstoðarmanneskja í gripahúsi og síðast en ekki sist: Húsvörðurinn sem stýrir samfélaginu. Aðalsöguhetjan þarf að horfast í augu við fordóma sína og forréttindi, og að það sem henni finnst vera sjálfsgætt í lífinu er svo langt frá því að vera það. Samfélagið í blokkinni er alls ekki gallalaust en það er skilvirk og samvinna og samstaða ríkjandi gildi.

Svo er bókin gríðarlega fyndin á köflum, stillinn lipur og leikandi og framvindan það spennandi á léttan og áreynslulausan hátt að það er erfitt að leggja hana frá sér.

Blokkinn á heimsenda hefur alla burði til að verða sígild barnabók sem kynslóðir krakka geta úað í sig. Brynhildur Björnsdóttir

**NIÐURSTAÐA:** Spennandi og vel skrifuð barnabók sem sver sig í ætt við skandinavisku hefðina og hefur alla burði til að verða sígild.

## Samsettar sögur um samleið fólks

Dagbjört Drífa Thorlacius opnaði myndlistarsýninguna Manneskjur í Gallery Stokk á Stokkseyri fyrr í þessum mánuði og er síðasta sýningarhelgin um helgina, sýningunni lýkur sunnudaginn 28. júní. Hún sýnir figúratíf olíumálverk sem sýna fólk í hinum ýmsu stellingum.

Dagbjört hefur tekið þátt í sýningum hér á landi sem og erlendis. Nýverið sýndi hún í Lista- og menningarhúsinu Taseralik í Sisimuit á Grænlandi.

Sýningin í Gallery Stokk verður opin til sunnudags frá 13.00–17.00 og stendur eins og fyrr sagði til 28. júní.

Umfjöllunarefnið er fólk sem tilheyrir fortíðinni, nútíðinni og kannski framtíðinni líka. „Ég finn þetta fólk gjarnan í fjölskyldu-albúnum, myndum af vinum, úr verkum annarra listamanna eða af myndum af alls konar ókunnugu fólki af samfélagsmiðlum, í sjónvarpinu, úr auglýsingum, tískutímaritum og/eða fréttablöðum.



Stelpur á hestbaki er meðal verka á sýningunni.

» ÞESSAR SÖGUR HAFU HVERSDAGSLEGAN, LJÓÐRÆNAN UNDIRTÓN.

Verkin innihalda litlar samsettar sögur um samleið fólks. Þessar sögur hafa hversdagslegan, ljóðrænan undirtón, hafa í raun aldrei átt sér stað en við getum ef til vill öll tengt við þær,“ segir Dagbjört.

Ný tvöföld virkni sem veitir hraða og langvarandi vörn gegn tannkuli.

TVÖFÖLD VIRKNI

STYRKIR, Fyllir, LOKAR, VERNDAR

GUM SensiVital+

Alltaf nóg til af humri hjá Norðanfiski...

STÓRUM HUMRI!!

Hafið samband á [nordanfiskur@nordanfiskur.is](mailto:nordanfiskur@nordanfiskur.is) eða í síma 430 1700

Norðanfiskur ehf. sérhæfir sig í framleiðslu á úrvals sjávarfangi til veitinga- og stóreldhúsa.

Einnig má finna vörur Norðanfisks í neytendapakningum í verslunum Bónus um land allt.

nordanfiskur



# BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



**10 pylsur**  
**398** kr./pk.

Bónus Vínarpýlsur  
485 g, 10 stk.



**198** kr./pk.

Bónus Pýlsubrauð  
260 g, 5 stk.



Bakað úr heilu  
**HVEITIKORNI**  
og rúgi

**359** kr./stk.

Myllan Lífskornabrauð  
3 teg., 450 g



**198** kr./pk.

Bónus Hamborgarabrauð  
4 stk.

**ALLTAF  
NÝBAKAÐ**



**259** kr./4 stk.

Bónus Kringlur  
4 stk.



**498** kr./stk.

Myllan Möndlukaka  
420 g

**Ertu á leið út á land?**



Næg bílastæði  
fyrir ferðavagna  
á **Korputorgi**



**598** kr./1l

Milt Sturtusápa  
1 lítri



**798** kr./pk.

Milt Pvottaefni  
60 þvottar, 2 tegundir

**14** kr.  
pr. þvottur

Verð gildir til og með **28. júní** eða meðan birgðir endast.





1.498 kr./kg

KS Lambalæri í sneiðum  
Ísland, frosið



ÍSLENSKT  
Lambakjöt

798 kr./kg

KS Lambaskankar  
Af bóg, frosnir



398 kr./stk.

Santa Maria Grilloía  
400 ml, 2 teg.



398 kr./kg

KS Lambasvið  
Frosin



3.998 kr./kg

KS Lambafillet  
Ísland, frosið



1 KG  
KASSI

359 kr./ks.


Nektarínur  
Spánn - 1 kg



1 KG  
KASSI

359 kr./ks.

Ferskjur  
Spánn - 1 kg





DAGSKRÁ

Föstudagur

HRINGBRAUT

**20.00 Helgarviðtalið (e)** Björk Eiðsdóttir ræðir við fólkið sem setur svip sinn á samfélagið.  
**20.30 Fasteignir og heimili (e)** Upplýsandi og fróðlegur þáttur um allt sem viðkemur fasteignum og goðum húsráðum.  
**21.00 21 - Úrval á föstudegi** Samantekt úr bestu og áhuga-verðustu viðtölunum úr Tuttugu-ogeinum í liðinni viku.  
**21.30 Saga og samfélag (e)** Þáttur þar sem málefni liðandi stundar verða rædd í sögulegu samhengi og víkið að nýjustu rannsóknum fræðimanna á margvíslegum sviðum.

RÚV SJÓNVARP

**09.00 Heimaleikfimi**  
**09.10 Spaugstofan 2002-2003**  
**09.40 Basl er búskapur**  
**10.10 Poirot - Demantaránið**  
**11.00 Popp- og rokksaga Íslands** Eftirskjálftar  
**12.20 Kastljós**  
**12.15 Menningin**  
**12.25 Mugison**  
**13.45 Fisk í dag**  
**14.00** Upplýsingafundur Almannavarna  
**14.35** Gettu betur 2005 Borgarholtsskóli - Menntaskólinn við Hamrahlíð  
**15.40** Poppkorn 1986  
**16.10** Bækur sem skóku samfélagið  
**16.20** Svarthvítur draumur  
**16.50** Á fjöllum - Líf skjýjum ofar  
**17.50** Tákn málsfréttir  
**18.00** KrakkaRÚV  
**18.01** Fótboltastrákurinn Jamie  
**18.29** Sebastian og villtustu dýr Afríku  
**18.50** Landakort Andir í Andakil  
**19.00** Fréttir  
**19.25** Íþróttir  
**19.3** Veður  
**19.35** Forsetakosningar. Umræðuþáttur Umræðuþáttur þar sem forsetaframbjóðendur mætast.  
**20.25** Sumarlandinn Stutt um fjöllun Sumarlandans sem verður á flakki í sumar og hittir landann fyrir uppi á fjöllum, úti í garði, á tjaldsvæðinu, vinnustaðnum, hjólastígunum og víðar. Umsjónarmenn: Gísli Einarsson, Guðríður Helga-dóttir, Hafsteinn Vilhelmsson og Helga Margrét Höskuldsdóttir.  
**20.30** Herra Bean Mr. Bean  
**20.55** Séra Brown Father Brown  
**21.45** Hver dagur er kraftaverk **Miracles from Heaven** Dramatísk bíómynd sem byggist á sannsögulegum atburðum. Hin 10 ára Annabel þjáist af magaverk og í ljós kemur að hún er með sjaldgæfan og ólæknandi sjúkdóm. Móðir hennar leitar lækninga og lausna við þjáningum hennar. Annabel lendir í slysi og í kjölfarið gerast atburðir sem eru kraftaverki líkastir.  
**23.30** Trúður Klovn VII  
**23.55** McMafia McMafia  
**00.50** Dagskrárlok

GOLFSTÖÐIN

**08.00** PGA Highlights 2020  
**08.50** PGA Tour 2020 Útsending frá RBC Heritage.  
**14.50** Tiger Woods Highlights & Wins Tiger Woods - WGC- NEC Invitational 1999  
**15.45** PGA Tour 2020 Útsending frá RBC Heritage.  
**17.25** US Open 2019 Útsending frá lokadegi US Open.

ÚTVARP

|                  |                     |                      |                     |                 |
|------------------|---------------------|----------------------|---------------------|-----------------|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 96,3 FM Suðurland | FM 98,9 Bylgjan     | FM 102,9 Lindin |
| FM 89,5 Retro    | FM 93,5 Rás 1       | FM 96,7 Lítt Bylgjan | FM 99,4 Útvarp Saga |                 |
| FM 90,1 Rás 2    | FM 95,7 FM957       | FM 97,7 X-ið         | FM 100,5 K100       |                 |

SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn + Spotify  
**11.30** Dr. Phil  
**12.15** The Late Late Show  
**13.00** The Bachelorette  
**14.25** Younger  
**14.50** Gordon Ramsay's 24 Hours to Hell and Back  
**15.25** Survivor  
**16.50** The King of Queens  
**17.10** Everybody Loves Raymond  
**17.35** Dr. Phil  
**18.20** The Late Late Show  
**19.05** Fam  
**19.30** Black-ish  
**20.00** Coming to America  
**22.00** The Two Faces of January  
**23.35** Catch Me If You Can  
**01.55** Very Good Girls Very Good Girls segir frá æskuvinkonunum Lilly og Gerri sem eru báðar hreinar meyjar en hafa ákveðið sín á milli að þær muni tapa meydóminum þetta sumar.  
**03.30** Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

**06.45** Morgunbæn og orð dagsins  
**06.50** Morgunvaktin  
**07.00** Fréttir  
**07.30** Fréttayfirlit  
**08.00** Morgunfréttir  
**08.30** Fréttayfirlit  
**09.00** Fréttir  
**09.05** Í ljósi sögunnar Kapphlaupið á Suðurlöndum II  
**09.45** Morgunleikfimi  
**10.00** Fréttir  
**10.03** Veðurfregnir  
**10.13** Óskastundin  
**11.00** Fréttir  
**11.03** Mannlegi þátturinn  
**12.00** Fréttir  
**12.02** Hádegisútvarp  
**12.20** Hádegisfréttir  
**12.40** Veðurfregnir  
**12.50** Dánarfregnir  
**12.55** Samfélagið  
**14.00** Fréttir  
**14.03** Heimskviður (42 af 80)  
**15.00** Fréttir  
**15.03** Sögur af landi  
**16.00** Siðdegisfréttir  
**16.05** Glans  
**17.00** Fréttir  
**17.03** Lestarklefinn  
**18.00** Spegillinn  
**18.30** Brot úr Morgunvaktinni  
**18.50** Veðurfregnir  
**18.53** Dánarfregnir  
**19.00** Flugur Vinsæl lög frá 1975  
**19.45** Lofthelgin  
**20.35** Mannlegi þátturinn  
**21.30** Kvöldsagan. Njáls saga (8 af 25)  
**22.00** Fréttir  
**22.05** Veðurfregnir  
**22.10** Samfélagið  
**23.05** Lestarklefinn  
**00.00** Fréttir  
**00.05** Næturútvarp Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

**11.30** Hot Shots!  
**12.50** Every Day  
**14.25** The Art of Racing in the Rain  
**16.15** Hot Shots!  
**17.35** Every Day  
**19.10** The Art of Racing in the Rain  
**21.00** Sideways  
**23.00** Argo Myndin gerist árið 1980 þegar bylting var gerð í Íran og starfsmenn bandaríska sendiráðsins voru teknir í gislingu. Litill hópur náði að læðast út og leita skjóls í kanadíska sendiherrabústaðnum.  
**01.00** The Nun  
**02.35** Sideways

STÖÐ 2

**08.00** Heimsókn  
**08.20** Masterchef USA  
**09.05** Bold and the Beautiful  
**09.25** Gilmore Girls  
**10.05** Veep  
**10.30** Flirty Dancing  
**11.15** Hand i hand  
**11.55** Jamie's Quick and Easy Food  
**12.35** Nágrannar  
**12.55** Dýraspítalinn  
**13.20** Nancy Drew and the Hidden Staircase  
**14.45** Two Brothers  
**16.25** Mom  
**16.45** Föstudagskvöld með Gumma Ben  
**17.35** Bold and the Beautiful  
**18.00** Nágrannar  
**18.26** Veður  
**18.30** Fréttir Stöðvar 2  
**18.50** Sportpakkin  
**18.55** Ísland í dag  
**19.10** Áttavíllt  
**19.35** Impractical Jokers  
**20.00** Poms  
**21.30** Bridge Of Spies  
**23.45** Independence Day  
**02.05** Colette  
**03.55** Carlito's Way

STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

**08.00** Barnaefni  
**20.00** Friends  
**20.20** Friends  
**20.45** Modern Family  
**21.00** The Hundred  
**21.55** Major Crimes  
**22.35** Schitt's Creek  
**23.00** The Simpsons  
**23.20** Bob's Burgers  
**23.40** Friends  
**00.05** Friends  
**00.30** Modern Family

STÖÐ 2 SPORT

**07.25** Fulham - Tottenham 06/07  
**07.50** Fylkir - Breiðablik Útsending frá leik í Pepsi Max-deild karla.  
**09.45** Valur - Víkingur R 2019  
**10.05** Fram - ÍR Útsending frá leik í Mjólkurbíkar karla.  
**11.45** Gróttá - Höttur/Huginn Útsending frá leik í Mjólkurbíkar karla.  
**13.30** Fylkir - Þróttur R. Útsending frá leik í Pepsi Max-deild kvenna.  
**15.10** Norðurlásmótið Annar þátturinn í nýrri þáttaröð Sumarmótanna á Stöð 2 Sport.  
**15.50** Breiðablik - Keflavík Útsending frá leik í Mjólkurbíkar karla.  
**17.35** Pepsi Max Mörkin  
**18.40** Brentford - West Brom Bein útsending.  
**20.55** Charlton - Tottenham 00/01  
**21.25** Stjarnan - KR 2011  
**22.00** Cardiff - Leeds  
**23.40** Mjólkurbíkarmörkin 2020

STÖÐ 2 SPORT 2

**08.20** Genoa - Parma  
**10.00** Levante - Atletico Madrid  
**11.40** Barcelona - Athletic Club  
**13.25** Eibar - Valencia  
**15.05** Real Betis - Espanyol  
**16.45** Spænsku mörkin  
**17.45** La Liga Show  
**18.10** Ítölsku mörkin  
**19.05** Inside Serie A  
**19.35** Juventus - Lecce Bein útsending.  
**21.40** Fulham - Brentford  
**23.20** Football League Show  
Sýndar svipmyndir úr leikjunum í ensku 1. deildinni.  
**23.50** Brentford - West Brom





# Veldu rafmagn. Veldu stíl.

Eigum bíla til afgreiðslu.



## K O N A

RAFMAGN frá Hyundai

## Fyrsti rafdrifni jepplingurinn. Drægi 449 km\*.

Nýr 100% rafdrifinn Hyundai KONA er fyrsti rafdrifni jepplingurinn á markaðnum.

\*Hann hefur eitt mesta drægi bíla í þessum stærðarflokki eða 449 km samkvæmt nýjum WLTP mælingum. Meðal búnaðar í nýjum Hyundai KONA er skynvæddur hraðastillir, sjálfvirk neyðarhæmlun, sjónlínuskjár sem varpar upplýsingum um hraða og leiðsögn í framrúðu, Krell hljóðkerfi og margt fleira. Hyundai KONA er fáanlegur með 39kW rafhlöðu eða 64 kW rafhlöðu.

Hyundai KONA 2WD með 289 km drægi 5.290.000 kr.

Hyundai KONA 2WD með 449 km drægi 5.990.000 kr.



Hyundai | Kaupþúni 1 | Sími 575 1200 | [www.hyundai.is](http://www.hyundai.is)



Hyundai býður viðskiptavinum sínum upp á eina víðtækustu ábyrgð sem völ er á. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur. Að auki fylgir öllum Hyundai rafbílum 8 ára eða 200.000 km ábyrgð á aðal rafhlöðu bílsins.

\*Drægi miðast við uppgæfnaðar tölur framleiðanda samkvæmt nýjum WLTP staði um drægi í raunvegulegum aðstæðum.

ENNEMM / SÍA / NM00113



# Kossaflens í öllum regnbogans litum

Þótt Hinsegin dagar renni ekki upp fyrr en í ágúst er hinsegin bjórinn Kysstu mig byrjaður að streyma og til þess að fagna fjölbreytileikanum sem aldrei fyrr sendir Borg brugghús bjórinn frá sér undir fánum tíu hinsegin hópa.

Borg Brugghús hefur verið stoltur styrktaraðili Hinsegin daga undanfarin ár og framleitt hinsegin bjórinn Ástrík sem notið hefur mikilla vinsælda og almennt verið vel tekið í senunni eftir því sem við höfum heyrt,“ segir Árni Theodór Long bruggmeistari, sem hefur bætt nýjum tón, Kysstu Mig Nr.T25, í áfengt regnbogalitrófið.

„Til að dýpka þekkingu okkar á hinsegin málum og sem tilraun til að ýta undir frekari og meiri umræðu um málefni hinsegin fólks, ákváðum við að gefa nú einnig út nýjan hinsegin bjór á flöskum,“ heldur Árni áfram og bætir við að Kysstu Mig sé frískandi og léttisýrt öl „með gomme af kirsuberjum og dass af vanillu“.

## Áfeng fánaborg

Kysstu Mig streymir fram í öllum regnbogans litum, svo ekki sé fastar að orði kveðið, en hann fæst í tíu mismunandi flöskum. „Vegna þess að við vildum líka halda áfram með hönnunarpælinguna á bak við Ástrík teflum við nú fram fánum tíu hinsegin hópa sem eiga sér fána sem kannski ekki eru jafn þekktir meðal almennings og regnbogafáninn sem prýðir Ástriksdósina,“ segir Árni en fánar kynsegin, tvíkynhneigðra, intersex, bear, varalítalesbía, pankynhneigðra, fjölkynhneigðra, einkynhneigðra, trans og BDSM eru á flöskunum.

„Við fórum þá leið að prenta þá fána sem þessir tíu hópar kenna sig við og smella þeim öllum á flöskurnar sem raðast svo handahófskennt í kippur og kassa. Þannig eru meiri líkur en minni á að allir tíu fánarnir séu í hverjum kassa. En þó ekki öruggt. Hugmyndin með þessu er að veita umræddum hópum aukinn sýnileika og við vonumst til að þeir taki þessu vel,“ segir Árni.

## Sterkur leikur

„Við ákváðum bara að demba okkur í þetta. Ég vissi ekki nákvæmlega hvað ég væri að fara út í en svo var þetta bara mjög skemmtilegt. Skemmtilegt að vekja athygli á þessu og vera með,“ segir Katrín Björk Kristjánsdóttir, sem svaraði kalli meðvitaðra bruggmeistaranna um að hjá þeim gæti skort á dýpri skilning á málefnum og tilfinningunum alls konar hinsegin fólks.

Katrín er í hópnum Hinsegin Ladies Nights sem hefur það yfirlýsta markmið að „koma saman konum og kynsegin einstaklingum sem heillast af konum á öllum aldri, bi, pan, lesbíur, forvitnar og allt þar á milli og utan“, eins og það er orðað.

Þangað barst erindi brugghússins og „ég og kærastan mín, Guðný, vorum „mega“ til,“ segir Katrín um einfalda ástæðu þess að hún og Guðný Ljósbrá Hreinsdóttir tékkðu saman á kossinum merktum T125.

Katrín segir það klárlega sterkan leik hjá Borg að tefla fram flöskunum tíu. „Sérstaklega að setja þetta á markaðinn í svona áberandi umhverfi. Ég held að þetta opni augu margra og að fólk vilji kynna sér þetta betur þegar það sér þetta svona,“ segir Katrín sem hefur lagt blessun sína yfir bæði flöskurnar og innihaldið.



Bruggmeistararnir Halldór Darri Guðjónsson og Árni Theodór Long skála í Kysstu Mig að baki Katrínu Björk og Guðnýju Ljósbrá



Flöskurnar tíu skarta fánum sem hafa sést sjaldnar en regnbogafáninn sem allir þekkja. Þetta eru fánar kynsegin (non-binary), tvíkynhneigðra (bisexual), intersex, bear, varalítalesbía (lipstick lesbian), pankynhneigðra (pansexual), fjölkynhneigðra (polysexual), einkynhneigðra (asexual), trans og BDSM.

**HUGMYNDIN MEÐ ÞESSU ER AÐ VEITA UMRÆDDUM HÓPUM AUKINN SÝNILEIKA OG VIÐ VONUMST TIL AÐ ÞEIR TAKI ÞESSU VEL.**

## Í lagi að spyrja

„Það er til alls konar. Það er mikilvægt að vita það og ég held að þetta geti opnað umræður í partium. Það er geggjað. Fólk kemur saman og fær sér mismunandi fána,“ segir Katrín og bætir við að hún hafi fullan skilning á að fólk geti verið feimið andspænis þeim litskrúðuga fjölbreytileika tilverunnar sem flöskurnar endurspeglar.

„Ég held að málið sé bara að spyrja fólk hvernig það vill skilgreina sig og opna þá umræðu miklu meira. Fólk á ekkert að vera feimið við að spyrja hvaða fornafn fólk vilji nota eða hvernig það skilgreinir sig. Ég held það þurfi að opna meira umræðuna um að það sé bara í lagi að spyrja og fræðast,“

segir Katrín og efast ekki um að ólíkar flöskurnar geti virkað sem lóð á vogarskálarnar.

## Spes en góður

„Við erum hrikalega ánægð með niðurstöðuna að næstum öllu leyti. En okkur tókst sem sagt að klúðra litatönnum í einum fánanum í fyrstu framleiðslu og því ástæða til að biðjast strax afsökunar á því,“ segir Árni.

„Þetta er fáni tvíkynhneigðra, eða bi-sexual, og við vonumst til að sá hópur fyrirgefi okkur þessi mistök, sem við lofum að leiðrétta fyrir næstu prentun.“

Katrín telur víst að afsökunarbeiðnin verði tekin gild en áréttar mikilvægi þess að biðjast afsök-

unar á mistökum sem þessum. „En þetta eru bara mistök og fólk er að læra,“ segir Katrín sem sjálf er hestánægð með flöskurnar og ekki síður innihaldið.

„Við fengum að smakka og fengum að taka kippu með heim. Við erum með árlegan Pride-brunch hjá okkur þannig að við ætlum bara að nota bjórinn í það í ágúst. Bjóða upp á þetta þar. Hann er ótrúlega góður.“

Ég er mjög hrifin af honum. Hann er spes en hann er mjög góður,“ segir Katrín og hvetur fólk, í anda Kysstu Mig, til að „vera bara dugleg að fræðast og vera opin fyrir alls konar og fagna fjölbreytileikanum.“

**toti@frettabladid.is**



OPIÐ LAUGARDAG 10-15

STÓR  
HUMAR



TÚNFISKUR  
TÚNFISKSTEIKUR

HUMARSÚPA  
FISKIKÓNGSINS

TILBÚIN



Fiskikóngurinn

Sogavegi 3 • Höfðabakki 1  
Sími 555 2800



OPIÐ  
LAUGARDAG  
10-15



LOK Á  
POTTA



NÓG TIL BÆNG!

HEITIRPOTTAR.IS  
HÖFÐABAKKI 1 - SÍMI 7772000



# Dagskráin á Hringbraut

21



## Fréttir og fagmennska

**Linda Blöndal** og **Sigmundur Ernir** stjórna **fréttapættinum 21** á Hringbraut á hverju kvöldi frá mánudegi til fimmtudags og spegla þar **þjóðfélagið** í sinni **margbreytilegustu** mynd á **upplýsandi** og **áhugaverðan** hátt

h

FRÉTTIR, FÓLK &  
MENNING á Hringbraut

Fylgstu með!



Járnís reisti hliðið á Hönnunarsími með aðkomu hönnuðanna, Hnit verkfræðistofu, Style Technology og Verkfræðistofu Bjarna Viðarssonar. Það er hluti af Torgum í biðstöðu í samstarfi við Reykjavíkurborg. FRÉTTABLAÐID/ERNIR

# Sjálfsmynd brotnar í tveggja stræta spegli

Speglahlið **Arnars Inga Viðarssonar** og **Valdísar Steinarsdóttur** brýtur upp sjónlínur áhorfandans þegar hann verður hluti af verkinu með tveggja stræta sýn á sjálfan sig og borgarmyndina.

Þetta er hugsað sem hlið milli Austurstrætis og Bankastrætis," segir Arnar Ingi Viðarsson um verkið Torg í speglun sem hann hannaði með Valdísi Steinarsdóttur.

„Þetta verk kemur úr rosaalega mörgum áttum," heldur hönnuðurinn áfram, þannig að ljóst er að þarna er engu logið og að andspenis speglahliðinu vakna margar spurningar.

Arnar Ingi segir að hugmyndina að hliðinu megi rekja til vangaveltna um sjálfsmýndir og borgarahegðun og spurninganna um hvernig hægt sé að stuðla að jákvæðri upplifun og samheldni með útihúsgögnum fyrir almenning og „hvernig nota megi áningarstaði í almenningsrýmum til að endurspegla fallegt borgarumhverfið og fólkið sem þar er að finna og á sama tíma hanna verk sem er einstakt í borgarumhverfi sínu.

Kannski er betra að segja að þetta séu bara vangaveltur um form og hvernig þau hafa áhrif á mann.

Flókið? Þá er nú best að rýna enn betur í spegilmyndina því hönnuðurinn er rétt að byrja.

### Hlið og bekkur

Verkið er margbrotið og marglaga undir spegilsléttu yfirborðinu og þjónar þannig að sögn Arnars hlutverki almenns áningarstaðar um leið og áhorfandinn gengur inn í innsetningarverk með því að taka virkan þátt.

„Hann er ekkert að horfa á eitthvað sem hann hefur engin áhrif á. Hann hefur stór áhrif á verkið og þar sem hann stendur þá brýtur verkið sjónlínuna í borgarmyndinni.

Þetta er náttúrulega bæði hlið og bekkur. Bæði áningarstaður og hlið og síðan er efnið ríkjandi þáttur í verkinu. Þannig að þetta speglast allt og þá geturðu speglað sjálfan þig í bæði borginni þinni og



Hönnuðirnir mætast í brotinni sjónlínunni í verki sínu á mótum Austurstrætis og Bankastrætis og það er síður en svo auðséð hvort þau Valdís Steinarsdóttir og Arnar Ingi Viðarsson séu stödd í sama eða hvort í sínu strætunum. FRÉTTABLAÐID/ERNIR

þú getur speglað þig einan og þannig getur þú séð sjálfan þig, upplifað þig, öðruvísi í þinni eigin borg.

### Nytjalist?

Þegar vel er að gáð segir hönnuðurinn að kannski hverfist „aðalþælingin“ um það hvernig hægt sé að „gera verk sem er bæði hönnunarverk sem þjónar sem slíkt praktískum tilgangi en er líka listaverk. Hvar geturðu dregið línuna? Við erum að leika okkur að því að toga þetta og velta þessu fyrir okkur," segir Arnar um hliðið, sem er sex metra langt og fjórir metrar á hæð og breidd.

„Verkið endurspeglar nærumhverfi sitt og þá einstaklinga sem verkið skoða og þar af leiðandi

geta horfendur upplifað sjálfa sig og umhverfið á nýjan hátt frá mismunandi sjónarhornum. Þannig er verkinu ætlað að opna á samtal um mikilvægi jákvæðrar sjálfsmýndar og einkennis borgara í borg sinni.

Þælingin er svolítið að fólki geti séð sjálft sig frá mismunandi sjónarhornum og upplifað sjálft sig dálítið sem hluti af verkinu líka. Án áhorfanda er þetta ekki neitt.

Þannig að í stuttu máli þá ræðst það af því hvar þú stendur hvert sjónarhornið er?

„Nákvæmlega. Þarna ertu kominn með eitthvað," segir hönnuðurinn sem speglar sig og aðra í verki sem skýrir sig best sjálft þegar gengið er í gegnum það.

toti@frettabladid.is





# MARABON

Úrval afþreyingar fyrir alla í sumar

## NÝTT EFNI DAGLEGA

á aðeins **3.990** kr./mán.



KVIKMYNDIR

### 900+

TITLAR

BARNAEFNI

### 160+

TITLAR

ÞÁTTARAÐIR

### 400+

TITLAR



Eigðu skemmtilegt sumar með  
Stöð 2 Marabon, heima eða á ferðinni.  
Tryggðu þér áskrift í dag á **stod2.is**.



## MARABON





BAKÞANKAR

Guðmundar  
Brynjólfssonar



„ÚT!!!“

... galaði hún.  
Það fór ekki hátt, þótt það léti hátt í Ingu Sæland í vikunni þegar hún af myndarskap vísaði Frosta Sigurjónssyni út úr Egilshöllinni, en þar hefur hún haft hann í sóttkvi frá því á konudaginn. Ástæðan fyrir því að ekki voru fleiri hafðir þar í einangrun var plássleysi. Upphaflega var gert ráð fyrir að Frosta yrði hleypt út við fyrstu tilslakanir í sóttvarnarmálum en það dróst vegna þess að Miðflokkurinn tók lengri tíma en ætlað var í fyrstu til þess að greina helstu samgönguleiðir úr Grafarvogi. Reyndar gekk eljusemi Miðflokksmanna út á fleira, þeir vildu sjá til þess að Gúndi Franklin kæmist með búslöð sína til Bessastaða á sem skemmstum tíma. Hann þakkar nú í akkorði og ekki í neinum póker-stíl heldur hálsbindum og nærbuxum á meðan Guðni lætur niður buff og bleiur. Nokkur lukka þykir að Frosti skuli hafa sloppið lífandi úr kvinni því gervigrasið í Egilshöll er hættulegra en COVID-19, samgönguáætlun og samninganefnd Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga til samans. Á morgun verður gengið að kjörborðinu og forseti kosinn, sem er víst formsatriði ef marka má ómarktækar skoðanakannanir. Á þriðjudaginn verður svo gengið að barborðinu og kosinn formaður SÁÁ. Til þess að fá smá spennu í morgundaginn hefði auðvitað átt að slá þessum kosningum saman, enda skiptir það þjóðina ekki minna máli hver ræður á Vogu en hver situr á Bessastöðum. Reyndar mætti sameina embættin mín vegna. Seljum Bessastaði. Kaupum sæmilegt veður, SÁÁ-álfinn og sýnatökupinna og fyllum Egilshöll af Rúmenum. Ferðumst innanlands á meðan við enn rötum borgarlínulaust á milli húsa. Drifum okkur öll sem eitt, ÚT!

FYRIR SVANGA  
FERÐALANGA

Kvikk

ON THE GO

MARS  
51 G

99

KR/STK  
1941 KR/KG



Kvikk

ON THE GO

ORKAN

STILLANLEG RÚM | HEILSURÚM OG -DÝNUR | GAFLAR | SÆNGUR | KODDAR | SVEFNSÓFAR | STÓLAR | SÆNGURFÖT, O.F.L.



Betra  
BAK

HEFST Í DAG – EKKI MISSA AF ÞESSU

SUMAR  
ÚTSALA


ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR



VEFVERSLUN  
[www.betrabak.is](http://www.betrabak.is)  
OPIN ALLAN SÓLARHRINGINN  
VIÐ SENDUM FRÍTT



DÚNVÖRUR



UNDRI  
HEILSUINNISKÖR





SÆNGURFÖT



SLOPPAR  
FYRIR HANN & HANA

FAXAFENI 5  
Reykjavík  
588 8477

DALSBRAUT 1  
Akureyri  
588 1100

SKEIDI 1  
Ísafirði  
456 4566

AFGREIÐSLUTÍMI  
Mán.–fös. 11–18 | Lau. 11–16  
[www.betrabak.is](http://www.betrabak.is)

Betra  
BAK



# FYRIRTÆKI

## FJÖLBREYTT FERÐAÞJÓNUSTUFYRIRTÆKI GETA TEKID ÞÁTT\*

- 1 Farðu inn á ferdalag.is og smelltu á Ferðagjöfina.
- 2 Skráðu þig inn með rafrænum skilríkjum eða Íslykli prókúruhafa.
- 3 Þú færð aðgang að bakendakerfi þar sem fyrirtækið getur haldið utan um notkun Ferðagjafarinnar.
- 4 Fyrirtækið fær greitt mánaðarlega.

## ÞANNIG GETA FYRIRTÆKI TEKID Á MÓTI FERÐAGJÖFINNI

- 1 Skannað strikamerki með smáforriti.
- 2 Slegið inn númer gjafabréfs í bakenda.
- 3 Beintengt við bókunarkerfi.

Hver kóði gildir í 15 mínútur. Því er mikilvægt að skanna strikamerkið eða slá númerið inn strax.

\*Frekari upplýsingar og þáttökuskilyrði eru á ferdalag.is.

## LENTIRÐU Í VANDRÆÐUM? HAFÐU SAMBAND!

Spurningar varðandi þáttökuskilyrði og skráningu:  
grunnur@ferdamalastofa.is

Upplýsingar varðandi bakenda, móttöku Ferðagjafar og uppgjör: info@yay.is

Vandamál við skráningu fyrirtækis: island@island.is





ferdalag.is

Á ferdalag.is færðu frekari upplýsingar,  
ómetanleg ferðaráð og ævintýralegan innblástur.  
Komdu með!

